

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Reykjavík, 6. júní 2023
SFS22030077

Efni: *Tillaga um tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu*

Á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021 var lögð fram tillaga um að börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Tillöggunni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. mars 2023 var samþykkt breytingartillaga um að hefja tilraunaverkefni um dvöl á frístundaheimili frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að velja starfsstöðvar til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Verkefnið skyldi hefjist í ágúst 2023 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. júní 2023 að hefja tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Eftirtaldir starfsstaðir taki þátt í tilraunaverkefninu: Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt, leikskólinn Rauðhóll, Rimaskóli, frístundaheimilið Tígrisbær, leikskólinn Laufskálar, leikskólinn Fífuborg, leikskólinn Lyngheimar, Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel, leikskólinn Bakkaborg og leikskólinn Borg. Boðið verði upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir börnin frá 9. ágúst nk. til 18. ágúst nk. eða í 8 daga. Kostnaður vegna dvalarinnar fyrir foreldra miðast við gjaldskrá vetrarstarfs frístundaheimila. Fjöldi daga geti þó verið breytilegur eftir því hvenær viðkomandi leikskóli lokar yfir sumarið. Starfsfólk kemur frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og hafa frístundaheimilin þrjú umsjón með verkefninu. Starfsfólk leikskóla sem sinnir sérhæfðum stuðningi fylgir börnum. Gert er ráð fyrir því að börn í 5 ára deildum ofangreindra leikskóla fái uppsögn á sínu leikskólaplássi í júní og komi ekki til baka eftir sumarlokun leikskólanna.



Virðingarfyllt

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir

staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2023

Bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 18. júní 2021 vegna tillögunnar

Skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla, dags. í janúar 2023 og

Umsögnum framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, dags. 22. mars 2023

Umsögn Félags stjórnenda leikskóla, dags. 23. mars 2023

Umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík, dags. í mars 2023

Umsögn Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík, dags. 23. mars 2023

Umsögn foreldraráðs Lyngheima, ódags.

Umsögn foreldraráðs Fífuborgar, dags. 30.5.2023

Umsögn foreldraráðs Borgar, ódags.

Umsögn foreldraráðs Bakkaborgar, dags. 31.5.2023

Umsögn foreldraráðs Laufskála, dags. 5.6.2023

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Reglubundið hefur komið fram umræða þess efnis að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021 var lögð fram tillaga: *Um að börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.* Tillögunni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Í greinargerð með tillögunni er fjallað um það að með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir þennan hóp nýrra nemenda væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hæfist af fullum krafti. Einnig er bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrir til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfrí lýkur. Mikilvægt er að helstu kostnaðarliðir séu metnir og tillagan útfærð og aðlöguð með tilliti til barna, foreldra, starfsfólks og kostnaðar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. mars 2023 var samþykkt að hefja tilraunaverkefni um dvöl á frístundaheimili frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að velja starfsstöðvar til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Verkefnið hefjist í ágúst 2023 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið.

Stofnaður var innleiðingarhópur sem í sitja Soffía Vagnsdóttir, Ólafur Brynjar Bjarkarson, Soffía Pálsdóttir, Bára Birgisdóttir, Atli Steinn Árnason, Hildur Lilja Jónsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir og Helgi Eiríksson.

Þeir starfsstaðir sem valdir voru til að taka þátt í tilraunaverkefninu eru: Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt, leikskólinn Rauðhóll, Rimaskóli, frístundaheimilið Tígriðsbær, leikskólinn Laufskálar, leikskólinn Fífuborg, leikskólinn Lyngheimar, Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel, leikskólinn Bakkaborg og leikskólinn Borg.

Það eru 136 börn í 5 ára deildum ofangreindra leikskóla og það er gert ráð fyrir að 90% barnanna taki þátt í starfinu eða um 122 börn, sem skiptast nokkuð jafnt milli þessara þriggja frístundaheimila.

Gert ráð fyrir að bjóða upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir börnin frá 9. ágúst til 18. ágúst eða í 8 daga. Kostnaður vegna dvalarinnar fyrir foreldra er kr. 14.750 kr. gjald fyrir 8 daga. Fjöldi daga er þó breytilegur eftir því hvenær viðkomandi leikskóli lokar yfir sumarið. Skólasetning í grunnskóla Reykjavíkur er 22. ágúst. Starfsfólk kemur frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og hafa frístundaheimilin þrjú umsjón með verkefninu. Starfsfólk leikskóla sem sinnir sérhæfðum stuðningi fylgir börnum.

Gert er ráð fyrir því að börn í 5 ára deildum ofangreindra leikskóla fái uppsögn á sínu leikskólaplássi í júní og komi ekki til baka eftir sumarlokun leikskólanna.

Verkefnið verður kynnt fyrir foreldrum 5 ára deildanna í byrjun júní og hafa þau frest fram í lok júní að innrita börn sín. Greitt er fyrir dvölinu í lok ágúst og því kemur ekki til að foreldrar þurfi að greiða bæði fyrir dvöl á leikskóla og frístundaheimilið á sama tíma. Eins og í almennu sumarfrístundinni koma börnin með nesti fyrir daginn.

Starfsemin fer fram í húsnæði grunnskólanna þar sem frístundaheimilin eru að reka sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4. bekk fram að skólasetningu.

Hingað til hefur aðlögun nýrra barna í leikskóla ekki hafist fyrr en í kringum 20. ágúst og stendur sú aðlögun oft langt fram á haustið. Dvöl á frístundaheimili í ágúst fyrir elstu börn leikskólanna gefur leikskólunum svigrúm til að hefja aðlögun yngri barna fyrr en ella.

Verkefnið var kynnt fyrir foreldraráðum allra sex leikskólanna og óskað eftir umsögnum frá þeim. Umsóknir bárust frá foreldraráðum fimm leikskóla.

Í umsögn foreldraráðs Lyngheima kom fram ánægja með tilkomu tilraunaverkefnisins en kynning á verkefni fremur sein en ráðið styður verkefnið og telur það auðvelda aðlögun barnanna yfir í grunnskólann sinn. Einnig að verkefnið styðji við að leikskólarnir geti hafið aðlögun nýrra barna fyrr en ella.

Í umsögn Fífuborgar kom fram að foreldraráðið telur þetta gott skref í jákvæðri aðlögun leikskólabarna yfir í grunnskóla. Mikilvægt að börnin kynnist skólafélögunum sem koma mögulega úr öðrum leikskólum og kynnast starfsmönnum frístundaheimilisins. Þetta muni auðvelda foreldrum og börnum aðlögun að breyttu umhverfi og þátttöku í skóla- og frístundastarfi.

Í umsögn foreldraráðs Borgar kemur meðal annars fram að fyrirvarinn á verkefninu sé lítil og mælist til þess að framkvæmd verkefnisins verði frestað um eitt ár til að vanda undirbúning betur. Telja verkefnið mikilvægt til að koma yngstu börnunum fyrr í aðlögun og veita þeim elstu tækifæri til að kynnast skóla- og frístundastarfinu. Foreldraráðið bendir á að vistunartíminn, verð námskeiðs og opnunartími sé skerðing frá þjónustustigi leikskólans, hafa einnig áhyggjur af mönnun starfseminnar ef upp koma veikindi meðal starfsmanna. Einnig að það sé óheppilegt að fá ekki þjónustu daginn fyrir skólasetningu vegna starfsdags frístundaheimila.

Í umsögn foreldraráðs Bakkaborgar kemur meðal annars fram að verkefnið sé frábær möguleiki fyrir börnin í hverfinu til að kynnast skólanum sínum áður en grunnskólaganga hefst. Bent er á kosti þess að innleiða verkefnið heilt yfir borgina þannig að verkefnið þjóni einnig börnum sem fara ekki í sinn hverfissskóla. Bent er á ókosti þess að börnin fái ekki heita máltíð í hádeginu. Þar að auki komu fram áhyggjur af opnunartíma og of stuttum fyrirvara á verkefninu m.t.t. undirbúnings og skipulagningar.

Í umsögn foreldraráðs Laufskála kemur meðal annars fram að ráðið telur verkefnið mikið framfaraskref fyrir verðandi grunnskólabörn, góð aðlögun fyrir börnin og geti auðveldað þeim fyrstu skrefin á nýju skólastigi. Foreldraráðið telur mikilvægt að fjármagn til frístundaheimila verði aukið svo þau geti haldið uppi faglegu starfi.


Fjárhagslegt mat á tilraunaverkefninu

Til grundvallar er lögð sú forsenda starfhóps að af 136 börn muni 122 eða 90% nýta dvöl á frístundaheimili í ágúst. Miðað er við að greiddar séu kr. 7.375.-, kr. 12.906.- eða kr. 14.750.- m.v. fjóra, sjö eða átta daga dvöl fyrir hvert barn og heildartekjur séu um það bil 1,5 milljónir króna.

Starfshópurinn leggur til grundvallar að starfsmenn sem komi úr leikskólum verði úr núverandi starfsmannahópi og því feli það ekki í sér viðbótarkostnað. Gert er ráð fyrir að grunnskólar þurfi að ráða allt að 5 stuðningsfulltrúa í tvær vikur í 100% stöðugildi. Miðað við að stuðningsfulltrúi kosti um 600 þús. kr. með launatengdum gjöldum á mánuði. Fimm starfsmenn í 100% stöðugildum í tvær vikur kosta um 1,5 milljónir króna að meðtöldum kostnaði við frágang og ræstingu.

Gert er ráð fyrir að ráða þurfi þrjá starfsmenn í 100% starf í rúmar tvær vikur auk undirbúnings og frágangs. Heildar launakostnaður frístundastarfs eru um 2,0 milljónir króna.

M.v. að tekjur séu um það bil 1,5 milljónir króna og launakostnaður um það bil 3,5 milljónir króna þá eru launaútgjöld um það bil 2,0 milljónir króna umfram tekjur. Gera má ráð fyrir öðrum kostnaði sem geti numið um 300 þúsundum króna. Í heildina má gera ráð fyrir að tilraunaverkefnið kosti rúmar 2,3 milljónir króna umfram tekjur. Hagrætt verður í rekstri SFS til að tilraunaverkefnið rúmist innan fjárheimilda sviðsins.



Starfshópur
um aðlögun
elstu barna
leikskóla í
ágústfrístund
og grunnskóla

Janúar 2023



Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Helstu niðurstöður starfshóps..... | 2 |
| Inngangur | 3 |
| Samantekt úr fundargerðum | 4 |
| Kópavogur | 4 |
| Seltjarnarnes | 5 |
| Garðabær | 6 |
| Hafnarfjörður..... | 6 |
| Reykjavík | 8 |
| Sviðsmyndir | 0 |
| Sumarfrístund væntanlegra grunnskólabarna – fagleg áhrif á starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila..... | 3 |
| Kostnaðarmat | 6 |
| Forsendur fyrir báðar sviðsmyndir | 6 |
| Launakostnaður | 6 |
| Börn tekin fyrir inn í leikskóla | 7 |
| Annar kostnaður | 7 |
| Tilraunaverkefni | 8 |

Helstu niðurstöður starfshóps.

Hópurinn setur fram tvær sviðsmyndir með tilboðum um frístundastarf í ágúst fyrir verðandi 1. bekkinga. Annars vegar verði boðið upp á ágústfrístund í fimm daga áður en skólastarf hefst í grunnskólanum (Sviðsmynd I) og hins vegar frá verslunarmannahelgi og fram að skólasetningu sem getur verið í mesta lagi 14 dagar (Sviðsmynd II). Sviðsmynd I veldur minnstri röskun á sumarstarfi frístundaheimila en sviðsmynd II gefur leikskólunum meiri möguleika á að hefja aðlögun yngstu barnanna fyrir og væntanlegir grunnskólanemendur koma þá ekki til baka í leikskóla eftir sumarleyfi.

Gert er ráð fyrir að einhver hluti skólahúsnæðisins sé notaður fyrir ágústfrístundastarfið, þar sem að börnum í sumarfrístund fjölgar í ágústmánuði í þessum sviðsmyndum.

Einnig er gert ráð fyrir að starfsmenn leikskóla og grunnskóla taki þátt í verkefninu í báðum sviðsmyndum og þurfa stjórnendur á hverjum stað þá að gera samkomulag um vinnufyrirkomulag og vinnuframlag hvers starfsmanns. Nánari útfærsla á því samkomulagi er ekki tiltekin í þessari skýrslu. Lagt er til að farið verði af stað með tilraunaverkefni og að skýrt sé að ábyrgð á starfseminni liggur hjá stjórnendum frístundaheimila.

Mælt er með að farið verði af stað með tilraunaverkefni í fjórum skólum í tveimur hverfum borgarinnar og að verkefnið verði síðan metið áður en lengra er haldið. Lagt er til að stofnaður verði innleiðingarhópur sem undirbúi og haldi utan um verkefnið. Í innleiðingarhópnum verði fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk fulltrúa frá fagskrifstofu SFS.

Inngangur

Í erindisbréfi starfshópsins er fjallað um aðdraganda þess að hópurinn var stofnaður. Reglubundið hefur komið fram umræða þess efnis að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021 var lögð fram tillaga: *Um að börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.* Tillögunni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Í greinargerð með tillögunni er fjallað um að með því að opna frístundaheimilin fyrir þennan hóp nýrra nemenda væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hæfist af fullum krafti. Einnig er bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrr til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfrí lýkur. Mikilvægt er að helstu kostnaðarliðir séu metnir og tillagan útfærð og aðlöguð með tilliti til barna, foreldra, starfsfólks og kostnaðar.

Starfshópur sem skipaður var árið 2014 og fjallaði um innritun barna í grunnskóla oftast en einu sinni á ári skilaði [skýrslu](#) í apríl 2015 með tillögum sem starfshópurinn nýtti sér.

Hlutverk:

Hlutverk þessa starfshóps var að leggja fram tillögur um mögulegar sviðsmyndir vegna aðlögunar elstu barna leikskóla inn í sumarfrístund og grunnskóla.

Helstu verkefni skv. erindisbréfi voru að:

1. Meta fagleg áhrif breytinganna á starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og áhrif á leik, nám og velferð leik- og grunnskólabarna.
2. Skoða kosti og galla hugmyndarinnar út frá fjármálum, húsnæðismálum og starfsmannamálum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.
3. Leggja fram nokkrar útfærðar sviðsmyndir, ásamt kostnaðarmati, sem taka til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Starfshópurinn skipaður:

Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskólamála í Breiðholti, formaður

Ellen Gísladóttir, skólastjóri Ártúnsskóla.

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Jónína Einarsdóttir, leikskólastjóri Stakkaborgar

Elín Þóra Böðvarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Kringlumýri

Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjóri grunnskólaskrifstofu

Höfundar skýrslu:

Elísabet Helga Pálmadóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitaði m.a. upplýsinga og ráðgjafar hjá sérfræðingum í nágrennasveitarfélögum sem hafa reynslu af því að bjóða elstu leikskólabörnunum upp á dvöl í frístundaheimili áður en eiginleg grunnskólaganga hefst.

Að auki var vinna hópsins og helstu tillögur kynntar fagstjórum leikskóla, grunnskóla og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva í borginni.

Starfstími:

Hópurinn átti að starfa til 15. desember 2021 en fljótlega var ljóst að hópurinn þyrfti lengri tíma til að afla sér gagna og fékk því frest. Skýrsluskil voru í janúar 2023.

Samantekt úr fundargerðum

Hópurinn hélt samtals tíu fundi og voru þeir allir nema tveir haldnir með fjarfundasniði. Að auki funduðu starfsmenn hópsins reglulega á milli funda.

Á fyrsta fundi hópsins sem haldinn var 23. okt. 2021 var farið yfir erindisbréf hópsins og farið yfir þau gögn sem höfðu verið send út fyrir fundinn; tillögu Kristínar S. Jónsdóttur, skýrslu starfshóps sem skilaði skýrslu í apríl 2015 en þar var tillaga sem starfshópurinn gat nýtt sér. Mælt var með að hópurinn notaði Teams til að funda og að stofna möppu á R-drifi til að halda utan um gögn hópsins. Á þessum fyrsta fundi var einnig rætt um að fá fulltrúa frá þeim sveitarfélögum sem bjóða upp á frístundastarf í ágúst fyrir hópinn sem er að byrja í grunnskóla til að fá upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í þessum sveitarfélögum. Einnig var lagt til að hitta rýnihópa; samráð skólustjóra, samráð leikskólustjóra og forstöðumannaráð frístundaheimila þegar hópurinn væri kominn vel af stað. Þetta var ekki gert, en skýrslan var kynnt fyrir framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ásamt fagstjórum leik- og grunnskóla og rædd á lokametrunum. Hópurinn ákvað að fá líka sjónarmið samrekins leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis en þar sem einn fulltrúi í hópnum stýrði slíkum skóla var leitast við að kalla eftir sjónarmiðum viðkomandi.

Kópavogur

Hekla Hannibalsdóttir frá skóla- og frístundasviði Kópavogs mætti á annan fund hópsins og sagði frá fyrirkomulagi þessara mála í Kópavogi. Þar á bæ eru frístundaheimilin á forræði og ábyrgð grunnskólans en forstöðumaður hvers frístundaheimilis skipuleggur starfið á viðkomandi frístundaheimili. Ekki er boðið upp á sumarnámskeið á vegum bæjarins í ágúst fyrir börn sem eru að fara í 2. – 4. bekk en íþróttafélög í bænum bjóða upp á námskeið fyrir þennan aldurshóp á þessum tíma.

Elstu leikskólabörnin útskrifast úr leikskólanum áður en sumarfrí hefst. Yngri börn geta því hafið aðlögun strax eftir að sumarfrí lýkur. Boðið er upp á tveggja vikna vistun daglega kl. 8 – 16 frá um 9. – 20. ágúst. Heitur matur er í boði í hádeginu og kemur hann frá grunnskólanum. Foreldrar greiða kr. 10.000.- á viku sem örlítið herra en greitt er fyrir dvöl á leikskóla. Er maturinn innifalinn í verðinu sem foreldrar greiða. Nýtingin hefur verið mjög góð eða um 92% barna sem eru að byrja í grunnskóla nýta sér þetta tilboð.

Markmiðið með því að taka elstu leikskólabörnin inn á frístundaheimili í ágúst er m.a. að stuðla að vellíðan, öryggi og jákvæðari aðlögun nemenda, jafnt félagslega sem námslega að umhverfi grunnskólans áður en formlegt skólustarf hefst.

Mönnun er sambærileg við það sem gerist í starfsemi frístundaheimilisins, þ.e. 15 börn á hvern starfsmann. Starfsmenn leikskóla hafa ekki komið að þessu verkefni með beinum hætti

en nemendur Vinnuskóla Kópavogs hafa aðstoðað eftir þörfum. Flestir starfsmenn eru fastir starfsmenn sem halda áfram frá fyrra skólaári. Aðrir eru ráðnir inn sérstaklega, annað hvort ráðnir sérstaklega í þetta verkefni eða ráðnir inn nýir og halda síðan áfram í vetrarfrístund. Sumir frístundaleiðbeinendur eru í fullu starfi, þ.e. stuðningsfulltrúi eða skólaliði fyrir hádegi og í frístund eftir hádegi. Aðrir eru ráðnir í hlutastarf í frístund.

Auk þess að kynnast húsnæði og aðstöðu frístundaheimilis hefur verið farið í styttri ferðir með þennan hóp t.d. í Heiðmörk og einnig er reynt að nýta nærumhverfið eins og hægt er.

Ekki er boðið upp á sumarfrístund eða sumarnámskeið fyrir börn sem voru að ljúka 1. – 4. bekk eins og er í Reykjavík, nema á vegum Íþróttafélaga í bænum. Eitt frístundaheimili var með tilraunaverkefni sumarið 2021 sem er svipað og í Reykjavík, sem var hugsað fyrir börn í 2. til 4. bekk. Það gekk vel.

Seltjarnarnes

Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Seltjarnarness, kom á þriðja fund hópsins og sagði frá fyrirkomulaginu þar. *Sumarskólinn* hefur verið starfræktur frá 2010 fyrir elstu börnin á leikskólanum sem eru að hefja grunnskólagöngu. Markmið er að kynnast grunnskólanum, frístundaheimilinu *Skjólínu* og nærumhverfi grunnskólans áður en grunnskólagangan hefst. Aðlögun nýrra barna í leikskóla getur vegna þessa fyrirkomulags hafist í byrjun ágúst. *Sumarskólinn* er kynntur fyrir foreldrum í maí ár hvert og foreldrar þurfa að skrá börnin sérstaklega til þátttöku. Leikskólabörnin eru kvödd fyrir 4 vikna sumarleyfi leikskólanna. Fyrirkomulag er með sama hætti og á leikskólanum en foreldrar greiða sérstaklega fyrir sundnámskeið sem boðið er upp á. *Sumarskólinn* var fyrst í húsnæði grunnskólans en hefur færst yfir í húsnæði frístundaheimilis seinni árin og starfsfólk frístundaheimilis/frístundastarfs komið meira að því að taka á móti hópnum. Margir fastráðnir starfsmenn eru í *Skjólínu* en sumarstarfsmenn eru viðbót við mönnunina eftir þörfum. Allur skólinn er opinn til afnota fyrir *Sumarskólann*, skólinn er skoðaður og börnin kynnast öllu húsnæði grunnskólans, nærumhverfi skólans, skólalóð, skólareglum o.fl. Á öðrum degi sumarskóla hefst sundnámskeið með nánast 100% þátttöku sem auðveldar aðlögun að skólasundi þegar þar að kemur. Börnin eru t.d. orðin fullfær um að nota matsalinn frá fyrsta skóladegi. Kennarar finna mikinn mun á nemendum sem hafa fengið þessa aðlögun. Stefnt er að því að skólaheimsóknum sé lokið þegar kennarar mæta á staðinn í ágúst.

Áhersla er á að aðlögun nýrra leikskólabarna geti hafist fyrr, frístundaheimilið er með nýjan hóp í þrjár vikur áður en aðrir koma, kennarar, stjórnendur og börnin hafa aðlagast frístundaheimilinu vel áður en grunnskólinn hefst.

Sumarskólinn byrjar yfirleitt á fyrsta degi eftir verslunarmannahelgi og varir fram að skólabyrjun. Sama gjaldskrá er og í leikskóla, sami opunar- og dvalartími, sama fæðisgjald o.s.frv. Bærinn er með samning við *Skólamat* sem þjónustar börnin í *Sumarskólanum*.

Allar starfsstöðvar leikskóla eru undir sömu stjórn – sami sumarleyfistími varðandi lokun.

Nokkur tveggja vikna leikjanámskeið eru í boði fyrir börn sem voru að ljúka 1. – 3. bekk í samstarfi við Íþróttafélagið *Gróttu*. Lítil aðsókn var að leikjanámskeiðum í júlí og þau því felld niður en aukin eftirspurn er eftir námskeiðum í ágúst. Áhersla er á að þessi námskeið fari fram annars staðar en í frístundaheimilinu til að trufla ekki starf *Sumarskólans*.

Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á *Sumarskólanum* með sínu starfsfólki. Margir starfsmenn í *Skjólí* sinna stuðningi í sumarstarfinu. Alls hafa um 55 – 60 börn eða um 95%

barna sem eru að hefja nám í 1. bekk tekið þátt í *Sumarskólanum*. Mönnunarhlutfall er sambærilegt við leikskólann og fer aldrei undir mönnun á leikskólanum. Sundnámskeið hjálpa einnig til við mönnunina. Börn með stuðningsþarfir fá þann stuðning sem þau þurfa í *Sumarskólanum*.

Lengra sumarleyfi hefur fyrst og fremst áhrif á starfsemi leikskólans en hefur ekki haft áhrif á starfsemi *Sumarskólans*. Helst að erfiðara sé að manna síðustu daga *Sumarskólans* þegar háskólarnir eru byrjaðir.

Garðabær

Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ, sagði frá fyrirkomulaginu þar. Undanfarin sjö ár fara elstu leikskólabörnin á tómsundaheimili í vikunni áður en grunnskólinn hefst til að börnin nái að aðlagast. Tómsundarheimilið opnaði t.d. 16. ágúst 2021 og var opið til og með 23. ágúst en 24. ágúst það ár hófst hið hefðbundna starf tómsundaheimilisins. Þeir sem sinna þessu starfi eru almennir starfsmenn grunnskóla og leikskóla og sumarstarfsmenn úr leikskólunum sem fylgja börnunum úr leikskólanum eða eru til staðar í leikskólanum fyrir starfseminu þar. Starfsemin fer eingöngu fram í húsnæði tómsundaheimilis, en hægt væri að nýta betur húsnæði grunnskólanna fyrir þetta starf að mati Halldóru.

Hver grunnskóli fær starfsmann frá leikskóla til liðs við tómsundaheimilið og einnig fer starfsmaður frá hverjum grunnskóla inn á tómsundaheimilið. Þessir leikskólastarfsmenn eru þ.a.l. starfsmenn tómsundaheimilisins allt frá ½ degi í nokkra daga. Leikskólabörnin fylgjast að í tómsundaheimilið. Ekki hefur verið vandamál að fá starfsmenn leikskóla til að fara í tómsundina í smá tíma. Fjöldi barna í þeim árgangi sem er að fara úr leikskóla í grunnskóla eru tæplega 30 börn í stærstu skólunum.

Umsjónarmenn tómsundaheimilanna hafa umsjón með skráningu og börnin þurfa að vera skráð í grunnskólann til að vera þessa viku. Sótt er um tómsundarheimili rafrænt.

Matur er aðkeyptur og gjaldið er dýrara en í leikskóla, sama gjald eins og ef þau væru í tómsundaheimilinu.

Börnum með sérþarfir er fylgt sérstaklega af þeim aðilum sem eru með stuðning við barnið í leikskólanum. Fyrir tómsundaheimilið er það ákveðinn styrkur að fá börnin. Mismunandi er hversu mörg börn eru að fara og í hversu langan tíma.

Sérstök sumarnámskeið eru ekki rekin af tómsundaheimilum fyrir börn sem voru að ljúka 1. – 4. bekk heldur eru sjálfstætt starfandi aðilar með sumarnámskeið fyrir þennan aldursþóp.

Í samstarfi leikskóla og grunnskóla er unnið eftir hugmyndafræði *Brúum bilið* og gerður er samstarfssamningur með það að markmiði að leiða saman kennara yngstu barnanna og leikskólakennara. Hefur ekki verið samstarf við tómsundaheimilin í því samhengi.

Hafnarfjörður

Stella Björg Kristinsdóttir var áður forstöðumaður frístundaheimilisins Laugasels við Laugarnesskóla en starfar nú sem fagstjóri frístundastarfs í Hafnarfirði og hefur því samanburð á fyrirkomulaginu í þessum tveimur sveitarfélögum, sagði frá fyrirkomulaginu í Hafnarfirði.

Í Hafnarfirði voru allir leikskólar opnir yfir sumarið 2021 en árið 2022 voru þeir lokaðir í 2 vikur en öllum börnum skylt að fara í 4 samfelldar vikur í sumarleyfi. Elstu börnin fara í sumarfrí í fyrstu vikunni í júlí og síðan koma þau ekki aftur í leikskólann, heldur kveðja leikskólann fyrir sumarfrí en í ágúst standa hópnum til boða vel niðurgreidd námskeið fyrir sama verð og ef þau væru í leikskóla.

Yfirumsjón tómsundaheimilanna er á höndum íþróttá- og tómsundafulltrúa en yfirmaður starfsins á hverjum starfsstað er grunnskólastjóri. Í Hafnarfirði eru flestir starfsmenn frístundaheimilis ráðnir allt árið. Búið er að samþætta betur starfslýsingu skólaliða sem geta unnið bæði í grunnskóla og á frístundaheimilinu.

Á miðvikudeginum eftir verslunarmannahelgi byrja námskeiðin fyrir 6 ára börnin. Húsnæði frístundaheimilisins er nýtt fyrir starfsemina sem einnig fær inni í grunnskólunum, þar sem er aðgengi að íþróttarými og bókasafni ef beðið er um það. Nota bókasafnið, matsalinn, kynnst mismunandi svæðum innan skólans. Reynt er að vera mikið á ferðinni en ekki í lengri ferðum eins og í Reykjavík.

Foreldrar skrá börn sín í ágústnámskeið í gegnum Völu og kaupa viku námskeið í einu. Ágústnámskeiðin hafa verið vel sótt, en heldur minni aðsókn fyrstu vikurnar. Boðið er upp á heildags- og hálf dags vistun. Fæðið er með sama fyrirkomulag eins og á leikjanámskeiðum, þrefalt nesti. Í fyrra var umræða um að hafa skólamat sem ekki náði fram að ganga, en umræðan verður mögulega tekin upp aftur.

Deildarstjórar frístundaheimilanna eru flestir fagmenntaðir og margir hafa verið lengi í starfi. Þeir eru í stéttarfélaginu Fræðagarði. Starfsmönnum er bætt við í ágúst og reynt að stjórna hvenær starfsmenn fara í sumarleyfi. Í fyrra var hvatt til þess að þeir skólaliðar sem væru á lausu færu inn í frístundaheimilin til að starfa þar. Deildarstjórar frístundastarfsins í Hafnarfirði hafa bæði umsjón með félagsmiðstöð og frístundaheimili við hvern skóla. Meðan sumarskólinn er í ágúst er ekki starf í félagsmiðstöðinni fyrir mið- eða unglíngastig. Deildarstjórar frístundastarfsins geta því einbeitt sér að starfsemi frístundaheimilisins í ágúst.

Reynslan í Hafnarfirði er að þeir hefðu ekki viljað missa verðandi fyrstu bekkina út úr þessu verkefni. Rými grunnskólans voru vel nýtt á þeim tíma. Börnin voru í verkefnum þó svo að kennarar væru komnir til starfa. Deildarstjórar frístundastarfsins eru ánægðir með núverandi fyrirkomulag.

Boðið er upp á miðlæg námskeið fyrir börn sem hafa verið í 1. – 4. bekk en færri börn sækja miðlæg námskeið, fleiri sækja námskeiðin ef þau eru í nærumhverfinu. Fyrir 2020 voru miðlæg námskeið á tveim stöðum í Hafnarfirði fyrir 2.-4. bekk á meðan 6 ára námskeiðin eru í gangi. Því var breytt 2021 og er nú boðið upp á námskeið fyrir 2.-4. bekk á öllum stöðum (öllum frístundaheimilum).

Þegar boðið var upp á tvö miðlæg námskeið voru um 40-60 pláss á hvort námskeið eða um 80-100 pláss en núna eru þau með 20 pláss í öllum hverfum sem er 180 pláss í heildina. Yfirleitt eru öll námskeið full nýtt og oft biðlisti því um leið og þetta fór í nærumhverfið þá jókst aðsóknin. Frístundin sér um öll þessi námskeið. Einnig eru námskeið á vegum íþróttafélaganna sem hægt er að sækja.

Árgangarnir eru yfirleitt minni en í Reykjavík, stærstu eru kannski að hámarki 50 til 60 börn. Í júní eru um 60 til 70 börn á námskeiði. Sett var þak í fyrra til að hafa meiri mannafla í ágúst. Í Hraunvallaskóla hafa þó verið allt að 100 börn í árgangi. Öldutúnsskóli er næst stærstur með um 40 til 50 börn.

Í sumum nágrannasveitarfélögum er ekki boðið upp á sumarstarf í frístundaheimilum á meðan á sumarfrístund væntanlegra 1. bekkinga stendur heldur er foreldrum bent á ýmis námskeið á vegum Íþróttafélaga og annarra aðila. Kostnaður foreldra við að senda börn sín á Íþróttanámskeið og önnur námskeið er yfirleitt mun meiri en þegar börn sækja sumarfrístund, framboð á slíkum námskeiðum er oft takmarkað í ágúst og þau henta ekki alltaf þeim börnum sem sækja sumarfrístund á vegum borgarinnar.

Reykjavík

Í Reykjavík hefur ekki verið boðið upp á sumarstarf fyrir verðandi 1. bekkinga heldur eru þau börn sem þess óska áfram í sínum leikskóla fram að skólabyrjun. Boðið er upp á sumarfrístund fyrir verðandi 2. – 5. bekkinga eftir að vetrarstarfi grunnskóla og frístundaheimila lýkur. Sótt er um og greitt fyrir viku í senn fyrir dvalartímann 9:00–16:00 en það er sá tími sem börnin eru í virkri dagskrá en hægt hefur verið að sækja um viðbótar klst. fyrir og eftir þann tíma. Börnin hafa með sér nesti til dagsins að heiman þar sem ekki hefur verið hægt að bjóða upp á hádegisverð eða hressingu. Frá og með sumri 2023 verður dvalartíminn í sumarfrístund kl. 8:30- 16:30, en ekki verður boðið upp á viðbótarstund.

Í hverri viku er unnið út frá dagskrá sem byggir á frjálsum leik, hreyfingu, útiveru, skapandi starfi, smíðjum, þemadögum og ferðum. Áhersla er lögð á að virkja börnin til ákvarðanatöku um hina ýmsu þætti starfsins. Reynt er að hafa mismunandi dagskrá fyrir ólíka aldurshópa og samstarf er milli frístundaheimila varðandi börnin úr 3. og 4. bekk t.d. um lengri ferðir.

Þátttaka þessara aldurshópa er mikil allt sumarið eða alls um 8.467 skráningar sumarið 2022 og biðlisti á flestar vikur sumarsins. Sumarið 2022 voru samtals 607 skráningar sem ekki var hægt að bjóða þátttöku í sumarfrístund einhvern hluta sumarsins.

Miðað við núverandi fjárhagsramma fyrir sumarfrístundina er hægt að taka við 5.472 skráningum í sumarstarfið en með því að bæta frístundafræðingum við í 100% starf yfir sumarið og rétta af milli borgarhluta var hægt að taka við 6.360 skráningum eða þjónusta allt að 85% af eftirspurn sumarsins 2022.

Í samantekt um sumarfrístund 2022 verðandi 2. – 5. bekkjar sumarið 2022 kom fram að tekið var við um 1.000 skráningum fleira en fjárhagsrammi gerir ráð fyrir. Að sögn er það hægt með því að ráða fleiri starfsmenn, ná inn meiri tekjum og með því að taka inn fleiri börn á hvern starfsmann en reglur gera ráð fyrir til að geta boðið þeim börnum sem þess óska þjónustu á þessu tímabili. Í samantektinni kom fram að biðlisti á síðustu vikur sumarsins 2022 voru 91 barn í vikunni 8. – 12. ágúst og 181 barn í vikunni 15. – 19. ágúst 2022.

Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn frístundaheimila eru fagmenntaðir. Einnig eru starfandi 17 fagmenntaðir frístundafræðingar í borginni sem sumir gegna jafnframt stöðu aðstoðarforstöðumanns. Þessir starfsmenn eru allir í fullu starfi og heilsársráðnir. Aðrir starfsmenn frístundaheimila eru flestir í hlutastörfum, en talsvert færri starfa á frístundaheimilum á sumrin heldur en á veturna. Það tekur yfirleitt nokkurn tíma að manna frístundaheimilin að fullu aftur á haustin, þar sem háskólanemar, sem ekki hafa fengið vinnu við sumarfrístund, þurfa oft að bíða eftir stundatöflum áður en þeir geta sagt til um hvað þeir

geta unnið mikið með skólanum. Fimm frístundaheimili eru starfrækt af viðkomandi grunnskóla, en hin 32 frístundaheimilin eru rekin af frístundamiðstöðinni í viðkomandi borgarhluta.

Tafla – samanburður milli sveitarfélaga

Þau sveitarfélög sem voru valin til samanburðar áttu öll það sameiginlegt að bjóða upp á sumarfrístund fyrir verðandi 1. bekklinga.



| | Reykjavík | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Seltjarnarnes |
|--|--|--|---|---|--|
| Boðið upp á sumarfrístund. f. verðandi 1. bekklinga | Nei | Já, | Já, | Já, | Já, Sumarskóli. Foreldrar greiða sérstaklega fyrir sundnámskeið |
| Sumarnámskeið í ágúst fyrir verðandi 2. – 5. bekk | Já, fyrir alla árgangana á vegum borgarinnar. Einnig eru í boði námskeið á vegum íþróttafélaganna. | Ekki í boði á vegum frístundaheimila en sjálfstætt starfandi aðilar bjóða upp á sumarnámskeið. | Miðlæg námskeið í boði fyrir verðandi 2. – 4. bekk, eftir að þau voru færð í nærumhverfið jókst aðsóknin. Einnig í boði námskeið á vegum íþróttafélaga. | Ekki boðið upp á sumarnámskeið á vegum bæjarins í ágúst fyrir þennan hóp en íþróttafélög bjóða upp á námskeið fyrir þennan aldurshóp. | Leikjanámskeið á vegum Gróttu fyrir verðandi 2. - 4. bekk. |
| Ábyrðaraðili sumarfrístundar | Frístundaheimili | Frístundaheimili | Yfirumsjón hjá íþrótt- og tómstundafulltrúa en grunnskólastjóri er yfirmaður á hverjum starfsstað. | Grunnskólarnir | Frístundaheimili |
| Lengd sumarfrístundar fyrir verðandi 1. bekklinga | Ekki í boði fyrir verðandi 1. bekklinga | Viku áður en grunnskólastarf hefst. | Foreldrar geta keypt viku námskeið í einu, hálf-dags- eða heilsdagsvistun. | Boðið upp á 2 vikna vistun kl. 9 – 16 frá um 9. – 20. ágúst | Frá fyrsta degi eftir verzlunarmannahelgi og fram að skólabyrjun. Sami opnunartími og í leikskóla. |
| Hádegisverður | Nesti | Aðkeyptur, sama gjald og í frístundaheimili. | Sama fyrirkomulag og á frístundaheimilum, þ.e. þrefalt nesti. | Heitur matur í boði, kemur frá grunnskólamötuneyti. | Aðkeyptur matur. |
| Kostnaður foreldra vegna verðandi 1. b. | Á ekki við | Sama gjaldskrá og á frístundaheimili. | Sama gjaldskrá og í leikskóla. | Kr. 10.000.- á viku | Sama gjaldskrá og í leikskóla. |

| | | | | | |
|---|--|--|---|---|---|
| Nýting sumarfrístundar verðandi 1.b. | Á ekki við | Mjög mikil þátttaka (rúml. 90%) | Mjög mikil þátttaka (rúml. 90%) | Um 92% barna sem eru að byrja í grunnskóla | Um 95% þátttaka |
| Mönnun | Starfsfólk frístundaheimilis og sumarstarfsfólk (verðandi 2. – 5. b.) | Almennir starfsmenn leik- og grunnskóla og sumarstarfsfólk úr leikskólum (verðandi 1. b.). | Flestir starfsmenn fastráðnir, samþætt starfslýsing skólaliða sem geta unnið bæði í grunnskóla og á frístundaheimili. Viðbótarstarfsfólk í ágúst eftir þörfum (verðandi 1. b.). | 15 börn pr. starfsmann, flestir starfsmenn fastráðnir en nemendur Vinnuskóla aðstoða eftir þörfum (verðandi 1. b.). | Margir fastráðnir starfsmenn en sumarstarfsfólk viðbót eftir þörfum. Oft erfiðast að manna <i>Sumarskólann</i> þegar háskólarnir eru byrjaðir. |
| Húsnæði | Aðallega húsnæði frístundaheimilis (verðandi 2. – 5. b.) | Aðallega húsnæði frístundaheimilis en hægt að nýta húsnæði grunnskóla betur. | Húsnæði frístundaheimilis en einnig aðgangur að iþróttarými, bókasafni, matsal og annarri aðstöðu ef óskað er. Mjög gott samstarf um nýtingu húsnæðis grunnskóla. | Aðallega húsnæði frístundaheimilis. | Var fyrst í húsnæði grunnskólans en hefur færst í húsnæði frístundaheimilis. Allur grunnskólinn er opinn til afnota fyrir <i>Sumarskólann</i> . |
| Stuðningur | Stuðningur á vegum frístundaheimilis ef þörf er á (verðandi 2. – 5. b.). | Börnum með sérþarfir fylgt af þeim starfsmönnum sem eru með stuðning í leikskólum. | Vantar upplýsingar | Vantar upplýsingar | Börn með sérþarfir fá þann stuðning sem þau þurfa. |
| Útskrift elstu leikskólabarnanna | Útskriftarathöfn í maí/júní en sum börn koma aftur í leikskólann eftir sumarfrí. | Áður en sumarfrí hefst | Áður en sumarfrí hefst | Áður en sumarfrí hefst | Áður en sumarfrí hefst |
| Aðlögun yngri barna á leikskólum | Hefst yfirleitt um 20. ágúst þegar verðandi fyrstu bekkingar fara í grunnskóla. | Hefst strax að loknu sumarleyfi. | Hefst strax að loknu sumarleyfi. | Hefst strax að loknu sumarleyfi. | Hefst í byrjun ágúst. |



Sviðsmyndir

Hópurinn fékk það verkefni að leggja fram útfærðar sviðsmyndir eða hugmyndir, ásamt kostnaðarmati, sem taka til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Hópnun var falið að skoða kosti og galla hvernar hugmynda út frá fjármálum, húsnæðismálum og starfsmannamálum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Hópurinn leggur fram tvær sviðsmyndir og verður þeim lýst hér á eftir.

Greining sviðsmynda

Sviðsmynd I:

Börn í leikskóla fara viku fyrir skólasetningu í ágústfrístund

Í sviðsmynd I er gengið út frá því að elstu börnunum á leikskólanum bjóðist að fara í ágústfrístund viku fyrir skólasetningu í grunnskólanum. Elstu börn leikskóla fara viku fyrir í frístundaheimili og aðlögun yngri barna getur hafist viku fyrir í leikskóla. Elstu börn leikskólans þyrftu þá allaf að koma aftur inn í leikskólann eftir sumarleyfi og fram að ágústfrístundinni ef foreldrar óska.

Gert er ráð fyrir að um samstarfsverkefni sé að ræða og að starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis taki jafnan þátt í verkefninu og að stjórnendur geri sameiginlega áætlun um mönnun. Ágústfrístundin verður á forræði og undir stjórn frístundaheimilis en áfram er gert ráð fyrir að starfsmenn sem koma frá leikskóla og grunnskóla verði starfsmenn þeirra staða.

Gert er ráð fyrir að starfsfólk leikskóla og grunnskóla fylgi börnum sem eru að fara í hverfisgrunnskólann eða í ágústfrístund við hverfisgrunnskólann. Starfsmenn leikskóla munu eingöngu fylgja eftir börnum sem eru að fara í hverfisgrunnskólann. Fari barn í grunnskóla í öðru hverfi borgarinnar kemur ekki starfsmaður frá leikskóla barnsins. Útskrifa þarf leikskólabörnin í síðasta lagi viku fyrir skólasetningu.

Gera þarf ráð fyrir því að starf ágústfrístundar fyrir þennan hóp fari fram í húsnæði frístundaheimilis og grunnskóla að mestu leyti. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir að hægt sé að bjóða upp á sumarfrístund fyrir væntanlega 2. - 5. bekk á sama tíma eins og verið hefur undanfarin ár. Taka þarf mið af styttingu vinnuviku starfsmanna og einnig viðhaldi á húsnæði frístundaheimila og grunnskólans sem gæti raskað áætlunum.

Skoða verður sérstaklega þjónustu við börn sem eru að fara í Klettaskóla og/eða sérdeildir. Ef barn með skilgreinda fötlun í 1. flokki (samkvæmt skilgreiningu leikskóla) fer í ágústfrístund þarf að gera ráð fyrir að starfsmaður leikskóla fylgi barninu eftir. Með því skapast tækifæri til aukins samstarfs og miðlun þekkingar og reynslu til grunnskóla og frístundaheimilis.

Væntanlegir 1. bekkingar kynnast þannig starfi frístundaheimilis og grunnskóla-húsnæðinu. Börnin fá meiri tíma til að aðlagast breytingunni að fara úr leikskóla í grunnskóla og frístundaheimili. Ef stuðningsaðili barns úr leikskóla fylgir barninu eftir í frístundaheimili, skapast tækifæri til aukins samstarfs og miðlun þekkingar og reynslu til starfsmanna frístundaheimilis og grunnskóla.

Fulltrúar frístundaheimila í starfshópnum bentu á að ekki sé til staðar húsnæði né mannaflí í frístundaheimilum eins og þau starfa núna til að sinna þessu verkefni. Því er lagt til að til komi viðbótarstjórnun á frístundaheimilum í ágúst og að mönnun verkefnisins verði samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila undir stjórn frístundaheimila. Hér skapast möguleiki á að ráða frístundafræðing í fullt starf frá miðjum ágúst til að hafa umsjón með verkefninu og bjóða e.t.v. 1 – 2 klst. á dag sem yfirvinnu vegna undirbúnings. Einnig er lagt til að húsnæði grunnskólans verði nýtt eftir þörfum og gert samkomulag þar um.

Hópurinn bendir á að dýrara sé fyrir foreldra að hafa börn í sumarfrístund en í leikskóla.

Gert er ráð fyrir að þátttökugjöld væru samkvæmt gjaldskrá frístundaheimila.

Vistunargjald fyrir forráðamenn vegna sumarfrístundar er kr. 14.096.- á viku miðað við 8 tíma vistun.

Vistunargjald fyrir leikskólagjald á mánuði (án afsláttar skv. gjaldskrá SFS í janúar 2023) kostar forráðamenn kr. 17.832.- á mánuði eða kr. 4.458 á viku miðað við 8 tíma vistun og er það án fæðisgjalds.

Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á hressingu eða hádegisverð í sumarfrístund og því þurfa öll börn að koma með nesti að heiman.

Gera þarf ráð fyrir að foreldrar sæki um ágústfrístund í síðasta lagi í lok apríl eða í byrjun maí.

Sviðsmynd II:

Börn í leikskóla fara í ágústfrístund strax eftir verslunarmannahelgi

Í sviðsmynd II er gengið út frá því að elstu börnunum á leikskólanum bjóðist að fara í ágústfrístund strax eftir verslunarmannahelgi og fram að skólasetningu í grunnskólanum. Gert er ráð fyrir að útskrift elstu barnanna á leikskólanum fari fram fyrir sumarleyfi leikskóla.

Gert er ráð fyrir að um samstarfsverkefni sé að ræða og að starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis taki jafnan þátt í verkefninu og að stjórnendur geri sameiginlega áætlun um mönnun. Ágústfrístundin verður á forræði og undir stjórn frístundaheimilis en áfram er gert ráð fyrir að starfsmenn sem koma frá leikskóla og grunnskóla verði starfsmenn þeirra staða.

Starfsmenn leikskóla munu eingöngu fylgja eftir börnum sem eru að fara í hverfisgrunnskólann. Fari barn í grunnskóla í öðru hverfi borgarinnar kemur ekki starfsmaður frá leikskóla barnsins. Gera þarf ráð fyrir því að starf ágústfrístundar fyrir þennan hóp fari fram í húsnæði frístundaheimilis og grunnskóla að mestu leyti. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir að hægt sé að bjóða upp á sumarfrístund fyrir væntanlega 2. - 5. bekk á sama tíma eins og verið hefur undanfarin ár. Taka þarf mið af styttingu vinnuviku starfsmanna og einnig viðhaldi á húsnæði frístundaheimila og grunnskólans sem gæti raskað áætlunum

Gera þarf ráð fyrir að foreldrar sæki um ágústfrístund í síðasta lagi í lok apríl eða í byrjun maí og tiltaka hvað þeir óska eftir löngum vistunartíma og hvenær. Gert er ráð fyrir að lágmarksvistun sé ein vika.

Kostir við sviðsmynd II eru að hægt er að samnýta starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis. Elstu börn leikskóla fara tveimur til þremur vikum fyrir í ágústfrístund, kynnast frístundastarfinu og húsnæði og skólabrag grunnskóla og frístundaheimilis ásamt starfsmönnum frístundaheimilis og grunnskóla.

Skóða verður sérstaklega þjónustu við börn sem eru að fara í Klettaskóla og/eða sérdeildir. Ef barn með skilgreinda fötlun í 1. flokki (samkvæmt skilgreiningu leikskóla) fer í ágústfrístund þarf að gera ráð fyrir að starfsmaður leikskóla fylgi barninu eftir í a.m.k. helmingi tímans. Hægt væri að bjóða stuðningsaðila sem mun sinna barninu í grunnskóla eða frístundaheimili að hefja starf fyrir en verið hefur til að brúa mögulegt bil. Með því skapast tækifæri til aukins samstarfs og miðlun þekkingar og reynslu til grunnskóla og frístundaheimilis.

Með því að fara í sviðsmynd II gefst tækifæri á að aðlögun yngri barna í leikskóla geti hafist tveimur til þremur vikum fyrir en nú er og verði þá jafnvel lokið um miðjan september.

Gera þarf ráð fyrir auknum mannafla vegna aukins þjónustustigs. Gengið er út frá því að verkefnisstjóri haldi utan um verkefnið í fullu starfi frá byrjun ágúst (frístundafræðingur).

Bent er á að hvetja má til þess að Íþróttafélögin komi inn í samstarf til að auka framboð fyrir eldri börn í sumarfrístund á þessum tíma.

Ekki hefur verið boðið upp á hressingu eða hádegisverð í sumarfrístund og er gert ráð fyrir að það fyrirkomulag verði óbreytt og börn sem taka þátt í verkefninu þurfa því að koma með nesti að heiman.

Gert er ráð fyrir að þátttökugjöld væru samkvæmt gjaldskrá frístundaheimila.

Vistunargjald fyrir forráðamenn vegna sumarfrístundar er kr. 14.096 á viku eða kr. 39.470.- í 14 daga fyrir 8 tíma vistun. Vistunargjald fyrir leikskólagjald á mánuði (án afsláttar skv. gjaldskrá SFS í janúar 2023) kostar forráðamenn kr. 17.832 á mánuði miðað við 8 tíma vistun og er það án fæðisgjalds. Fyrir 14 daga vistun er gjaldið kr. 8.916.

Sumarfrístund væntanlegra grunnskólabarna – fagleg áhrif á starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Eins og segir í greinargerð með tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar frá 15. júní 2021 er markmiðið með tillögunni m.a. að gera skilin milli leik- og grunnskóla sem ánægjulegust fyrir hvert barn og gefa starfsfólki frístundaheimila og grunnskólans einnig tóm til að kynnst væntanlegum nemendum og foreldrum þeirra áður en skólastarfið hefst af fullum krafti.

Samstarf milli leik- og grunnskóla er mismunandi eftir skólum og hverfum. Með því að bjóða elstu börnunum á leikskólanum tækifæri til að taka þátt í starfi frístundaheimilisins áður en formlegt grunnskólastarf hefst fá þau jafnframt tækifæri til að kynnst grunnskólanum og frístundheimilinu betur eins og kveðið er á um í farsæðarlögunum. Farsæðarlögin kveða m.a. á um að auka vellíðan barna og með því að fá tækifæri á að aðlagast inn í grunnskóla og frístundaheimili er verið að koma á móts við þennan hóp barna og auðvelda þeim fyrstu skrefin í frístundaheimilum og í sinni grunnskólagöngu.

Að mati starfsmanna í nágrannasveitarfélögum sem starfshópurinn fékk á sinn fund, eru börnin betur aðlöguð og betur búin undir grunnskólagönguna eftir að byrjað var að bjóða upp á þátttöku í sumarfrístund fyrir þennan hóp. Börnin höfðu kynnst aðstæðum og húsnæði grunnskólans og frístundaheimilis betur en áður og voru öruggari bæði í skóla- og frístundastarfinu. Þannig er stuðlað að vellíðan, öryggi og jákvæðari aðlögun nemenda, jafnt félagslega sem námslega að umhverfi grunnskólans og frístundaheimilis áður en formlegt skólastarf hefst.

Mikilvægt er líka að hafa í huga að börn í leikskólum fara í mismunandi grunnskóla og frístundaheimili og þau börn sem ekki hafa verið í sínum hverfisleikskóla fá nú tækifæri á að kynnst væntanlegum skólafélögum í gegnum leik og óformlegt nám áður en hið eiginlega grunnskólastarf hefst.

Öflugt samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundheimilis er grunnurinn að því að ágústfrístund verðandi 1. bekkinga gangi vel. Gert er ráð fyrir að um samstarfsverkefni sé að ræða og að starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis taki jafnan þátt með starfsmönnum frá öllum stöðum. Ágústfrístundin verði á forræði frístundaheimilis en áfram er gert ráð fyrir að starfsmenn sem koma frá leikskóla og grunnskóla verði starfsmenn þeirra staða. Frá byrjun þarf að vera alveg ljóst að stjórnendur frístundaheimilisins bera ábyrgð á starfseminni og skipulagi starfsins, en verkaskipting og verksvið hvers og eins þurfa að vera skýr. Mikilvægt er að hafa styttingu vinnuvikunnar í huga í þessu skipulagi því útfærslan getur verið ólík milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis. Í þeim tillögum sem hópurinn leggur fram er áhersla á að starfsmenn leikskóla og grunnskóla sem þörf er á taki þátt í ágústfrístundinni í samvinnu við starfsfólk og stjórnendur frístundaheimilanna. Einnig er gert ráð fyrir að stuðningsaðili barns úr leikskóla fylgi barninu eftir í frístundaheimilið í ágúst. Þannig skapast tækifæri til aukins samstarfs og miðlun þekkingar og reynslu til starfsfólks grunnskóla og frístundaheimila. Með því móti er stuðlað að því að þessir starfsmenn kynnist betur, kynnist störfum og starfsaðferðum hvers annars og öðlist um leið betri skilning á menningu og starfsumhverfi hvers annars. Mikilvægt er að fram fari ítarleg þarfagreining og gott samtal á milli fagstétta þannig að tryggt sé að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi.

Í nágrennasveitarfélögum þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði í allmörg ár hefur verið lögð áhersla á að þessi hópur nýti þau svæði innan grunnskólans sem völ er á m.a. með það að markmiði að börnin kynnist ólíkum svæðum grunnskólans og nærumhverfi hans, s.s. skólalóðinni, íþróttasal, bókasafninu, matsal, list- og verkgreinastofum o.fl. Þetta væri sérstaklega mikilvægt við útfærslu á sviðsmynd II þar sem boðið yrði upp á allt að 14 daga í ágústfrístund. Bent var á að í flestum skólahverfum hafa elstu leikskólabörnin þegar heimsótt grunnskólann í hverfinu á síðasta ári í leikskóla og fengið að kynna helstu rýmum hans, s.s. matsal, íþróttasal, bókasafni o.fl. Elstu leikskólabörnin hafa flest einnig heimsótt frístundaheimilið á síðasta árinu sínu í leikskólanum.

Gera þarf formlegt samkomulag um það húsnæði grunnskólans sem að þyrfti að vera fyrir hendi fyrir ágústfrístundina. Benda má á að samkvæmt Græna plani borgarinnar er lögð áhersla á samnýtingu þess húsnæðis sem er í eigu borgarinnar eins og kostur er og þörf er á. Þó þarf að huga að því að frá byrjun ágúst er gjarnan unnið að ýmsu viðhaldi í grunnskólum og frístundaheimilum. Frá og með 15. ágúst ár hvert eru kennarar og aðrir starfsmenn grunnskóla mættir til starfa við að undirbúa skólastarfið og því mikilvægt að samstarfsaðilar skipuleggi nýtingu húsnæðis í góðu samstarfi.

Sviðsmynd I hefur minni áhrif á leikskólann til breytinga en sviðsmynd II, þar sem gera má ráð fyrir að flest börn munu snúa aftur til baka í leikskólann eftir sumarleyfi. Í sviðsmynd II er gert ráð fyrir að leikskólabörn sem eru að hefja grunnskólagöngu snúi ekki aftur í leikskólann eftir sumarleyfi. Með þessu fyrirkomulagi skapast rými innan leikskólans til að hefja aðlögun nýrra barna fyrir. Hingað til hefur aðlögun nýrra barna ekki getað hafist fyrir en í kringum 20. ágúst og stendur aðlögun oft langt fram á haustið. Með því að hefja aðlögun fyrir hefur leikskólinn mun meira svigrúm til að fara fyrir af stað með skipulagt faglegt starf auk þess sem að þetta verkefni er mikilvægur liður í að brúa bilið milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.

Einnig hefur þetta áhrif á vistun barna hjá dagforeldrum, en með því að elstu börnin koma ekki til baka eftir sumarleyfi er líklegra að barn sem er í vistun hjá dagforeldri geti hafið leikskólagöngu strax eftir sumarleyfi, í stað þess að fara aftur í vistun hjá dagforeldri. Þar sem um ung börn er að ræða er alltaf sá möguleiki að barn þurfi ákveðna aðlögun hjá dagforeldri eftir mánaða fjarveru og síðan aftur aðlögun í leikskóla stuttu seinna.

Ákveðinn biðtími hefur oft skapast hjá börnum sem koma til baka í leikskóla eftir sumarleyfi og eru á leið í grunnskóla og frístundaheimili. Sum börn koma til baka eftir sumarleyfi en mögulega ekki félagar þeirra og veldur þetta oft ákveðinni vanlíðan þennan tíma fram að skólagöngu. Með því að bjóða elstu börnunum að byrja á frístundaheimili í byrjun ágúst fær hópurinn strax áhugaverð verkefni að fást við í hópi jafnaldra.

Frístundaheimilin í borginni hafa veitt heilsdagsþjónustu, s.k. sumarfrístund, fyrir börn í verðandi 2. – 5. bekk á sumrin að undanskilinni 3 – 4 vikna lokun frístundaheimilanna í sumarleyfum. Fjöldi barna í verðandi 2. – 5. bekk sem sóttu sumarfrístund síðustu tvær vikurnar í ágúst 2022 voru um 2.456 börn. Gert er ráð fyrir að áfram verið boðið upp á sumarþjónustu fyrir þennan hóp barna og að þjónusta skerðist ekki þrátt fyrir nýjan hóp í frístundastarfinu.

Annar veigamikill þáttur sem þarf að horfa til í sumarstarfi frístundaheimilanna tengist mönnun og starfsmannahaldi. Ágústmánuður er annasamur hjá stjórnendum frístundaheimila þegar fram fer undirbúningur vetrarstarfsins, ráðningar á starfsfólki og samstarf við foreldra. Að taka við nýjum hópi ungra barna í frístundastarfið í ágúst krefst aukinnar stjórnunar og mönnunar. Því

er lagt til að frístundafræðingar í fullu starfi í ágúst hafi umsjón með frístundastarfi verðandi 1. bekkinga og fái undirbúning og umsjón með starfinu greidda sérstaklega. Einnig skapast möguleiki á að bjóða sumarstarfsfólki áfram vinnu í ágúst eða ráða væntanlegt vetrarstarfsfólk fyrir til starfa.

Einu starfsmenn frístundaheimilanna sem eru heilsársráðnir eru forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn, en með því að fjölga fastráðnum frístundafræðingum til að hafa umsjón með nýja hópnum sem byrjar á frístundaheimilinu í ágúst gefst möguleiki á að styrkja þann hóp fagfólks sem starfar á frístundaheimilunum og um leið efla faglegt starf. Einnig gæfi verkefnið möguleika á að tryggja frístundaheimilunum frístundaleiðbeinendur sem fengju fullt starf í ágúst til að vinna með þennan nýja hóp í frístundaheimilunum.

Kostnaðarmat

Forsendur fyrir báðar sviðsmyndir

Gengið er út frá því að 1.265 börn séu í borgarreknum leikskólum sem byrja í grunnskóla haustið 2023. Gert er ráð fyrir 90% þátttöku barna í ágústfrístund og byggir það mat á reynslu nággranna-sveitarfélaga á sambærilegu fyrirkomulagi og myndu þá um 1.138 börn nýta sér þjónustuna haustið 2023.

Launakostnaður

Þegar starfsmannakostnaður er reiknaður er gengið út frá því að það séu 8 börn pr. starfsmann eins og barngildin eru reiknuð í elstu deildum leikskóla. Því er gert ráð fyrir að það þurfi að lágmarki 144 starfsmenn í verkefnið í þann tíma sem það stendur yfir með því að halda óbreyttri þjónustu við þau börn sem þegar eru í sumarfrístund og bæta við þjónustu við elstu leikskólabörnin.

Ef alfarið væri um viðbótarmönnun að ræða er launakostnaður um 53,6 milljónir ef boðið er upp á frístundastarf í 14 daga í ágúst fyrir öll 5 ára leikskólabörn.

Ef boðið er upp á ágústfrístund í fimm daga fyrir sama hóp, þá væri launakostnaðurinn 19,1 milljónir.

Gert er ráð fyrir að þetta verkefni verði samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og því mannað að hluta til af starfsmönnum sem þegar eru í starfi. Ef aðeins þarf að bæta við kostnaði vegna þriðjungs starfsmannahópsins lækkar þessi kostnaður hlutfallslega þannig að launakostnaður vegna 14 daga verður um 17,8 milljónir og launakostnaður vegna fimm daga verður rúmar 6,4 milljónir. Við útreikning á viðbótar launakostnaði var gengið út frá því að um þriðjungur starfsmanna kæmi frá grunnskólum, þriðjungur frá leikskólum og þriðjungur frá frístundaheimilum og var miðað við meðallaun starfsmanna í hverri starfseiningu. Gert er ráð fyrir frístundafræðingi sem sér um stjórnun verkefnisins. Sá aðili fær greiddar 2 tíma í yfirvinnu á dag vegna undirbúnings og einnig er gert ráð fyrir einni viku í undirbúning fyrir upphaf verkefnisins.

| Launakostnaður | |
|---|-------------------|
| Kostnaður við 144 starfsmenn í rétt tæpar 3 vikur (14 daga) | 53.619.965 |
| Kostnaður við 33% af 144 starfsmönnum (14 daga) með aukinni stjórnun | 27.746.658 |
| Kostnaður vegna veikindaafleysinga (6% 14 daga) | 3.217.198 |
| Kostnaður vegna áunnins orlofs (14 dagar) | 7.659.995 |
| Yfirvinnutímar vegna stjórnunar | 6.462.595 |
| | |
| Kostnaður við 144 starfsmenn í eina viku (5 dagar) | 19.149.988 |
| Kostnaður við 33% af 144 starfsmönnum (5 daga) með aukinni stjórnun | 9.642.801 |
| Kostnaður vegna veikindaafleysinga (6% 5 dagar) | 1.148.999 |
| Kostnaður vegna áunnins orlofs (5 dagar) | 2.393.748 |
| Yfirvinnutímar vegna stjórnunar | 2.154.198 |

Starfsmenn leikskóla sem veita sérstakan stuðning fylgja börnum úr leikskóla í ágústfrístund 6 ára barna. (Á við um þar sem verkefnið stendur í eina viku en ef um lengri tíma er að ræða, þá getur starfsmaður úr leikskóla mögulega fylgt barni um helming tímans en starfsmaður í grunnskóla eða frístundaheimili tekur svo við).

Börn tekin fyrir inn í leikskóla

Gera þarf ráð fyrir að aðlögun yngstu barnanna geti hafist fyrir en áður var gert ráð fyrir. Raunhæft er að áætla að fjórðungur barnafjöldans sem fer úr leikskóla geti hafið aðlögun fyrir ef farið er eftir sviðmynd I og væru þá 285 börn að hefja aðlögun viku fyrir en nú er. Ef farið er eftir sviðmynd II má gera ráð fyrir að þriðjungur barni hefji aðlögun fyrir en ella, eða um 380 börn.

Við sviðmynd I er gert ráð fyrir að 78 stg. þurfi, að meðtalinni afleysingu, til að dekkja þann fjölda barna. Í sviðmynd II er gert ráð fyrir að starfsmannaþörfin sé 104 stg., að meðtalinni afleysingu.

Vorið 2023 munu 1.148 börn fara úr leikskólum Reykjavíkur í grunnskóla (sjálfstætt starfandi leikskólar eru ekki með í þessari sviðmynd). Á bak við 1.148 börn standa 143 stöðugildi sem þegar eru í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að 48 stg. þurfi úr leikskóla til að fylgja börnunum eftir í frístund. Viðbótarkostnaður vegna mönnunar við að taka yngri börn fyrir inn í leikskólann er því óverulegur og er því ekki gert ráð fyrir honum í útreikningi.

Annar kostnaður

Gera þarf ráð fyrir öðrum kostnaðarliðum s.s. vegna ræstingar, hita og rafmagns, efniskostnaðar, kaffikostnaðar starfsmanna, öðrum starfsmannakostnaði, strætókorta og annars ófyrirséðs kostnaðar.

| Liður | Fjárhæð á viku | Fjárhæð í 14 daga | Athugasemdir |
|----------------------------|------------------|-------------------|---|
| Ræsting | 1.000.000 | 2.800.000 | *áætlað - mætti skoða betur |
| Hiti og rafmagn | 404.157 | 1.131.640 | *áætlað - mætti skoða betur |
| Efniskostnaður | 931.840 | 2.609.157 | *Út frá úthlutun í frístundastarfi á sumrin |
| Kaffikostnaður starfsmanna | 29.381 | 74.271 | *Út frá úthlutun í frístundastarfi |
| Starfsmannakostnaður | 24.881 | 62.894 | *Út frá úthlutun í frístundastarfi |
| Annað ófyrirséð | 500.000 | 1.400.000 | |
| Samtals | 2.890.259 | 8.357.031 | |

Samtals má því gera ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna sumarfrístundar verði:

| Vegna 5 daga: | |
|---------------------------------------|-------------------|
| Launakostnaður vegna starfsmanna | 9.642.801 |
| Yfirvinnutímar | 2.154.198 |
| Veikindaafleysing | 1.148.999 |
| Kostnaður vegna áunnins orlofs | 2.393.748 |
| Annar kostnaður | 2.890.259 |
| Samtals kostnaður vegna 5 daga | 18.230.005 |

| Vegna 14 daga | |
|--|-------------------|
| Launakostnaður vegna starfsmanna | 27.746.658 |
| Yfirvinnutímar | 6.462.595 |
| Veikindaafleysing | 3.217.198 |
| Kostnaður vegna áunnins orlofs | 7.659.995 |
| Annar kostnaður | 8.357.031 |
| Samtals kostnaður vegna 14 daga | 53.443.477 |

Gert er ráð fyrir að skólahúsnæði sé notað fyrir ágústfrístundastarfið og frístundaheimilið eins og kostur er.

Vistunargjald

Gengið er út frá því að forráðamenn greiði sama gjald fyrir ágústfrístund og fyrir dvöl í sumarfrístund en ekki er gert ráð fyrir fæðiskostnaði, heldur er gert ráð fyrir að börn komi með nesti að heiman.

Vistunargjald fyrir forráðamenn vegna sumarfrístundar er kr. 14.096 á viku eða kr. 28.192 í 14 daga fyrir 8 tíma vistun. Tekjur miðað við 14 daga vistun og 1.138 börn eru kr. 32.082.496.

Tilraunaverkefni

Starfshópurinn leggur til að farið verði í tilraunaverkefni í þremur til fjórum grunnskólum og aðliggjandi leikskólum og frístundastarfi þar sem boðið væri upp á að ágústfrístund fyrir verðandi 1. bekklinga. Gengið er út frá sömu kostnaðarliðum og fram hafa komið. Meðfylgjandi tafla gefur vísbendingar um viðbótarkostnað vegna launa og annars kostnaðar í fjórum skólum, annars vegar í 5 daga og hins vegar í 14 daga. Gert er ráð fyrir að 2/3 starfsmanna sem koma að verkefninu séu starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs en að aðeins þurfi að bæta við um þriðjungi starfsmanna vegna þessa tilraunaverkefnis.

Til að fá vísbendingar um umfang og kostnað vegna tilraunaverkefnis voru valdir sem dæmi fjórir ólíkir skólar með ólíkar skólagerðir; einn samrekinn leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili, einn skóli með háan LOI-stuðul og tveir aðrir skólar til samanburðar. Mælt er með að vanda valið á þeim skólum og frístundaheimilum sem taka þátt í tilraunaverkefninu og undirbúa verkefnið eins vel og kostur er. Æskilegt er að áhættugreina verkefnið vel og reyna að sjá fyrir mögulegar áskoranir sem upp kunna að koma.

| | Ágústfrístund í 5 daga - kostnaður | Ágústfrístund í 5 daga - tekjur | Samtals kostnaður |
|-----------------------|------------------------------------|---------------------------------|-------------------|
| Skóli með 46 nemendur | Kr. 536.314 | Kr. 463.155 | Kr. 73.159 |
| Skóli með 33 nemendur | Kr. 439.400 | Kr. 332.263 | Kr. 107.137 |
| Skóli með 32 nemendur | Kr. 431.945 | Kr. 322.194 | Kr. 109.751 |
| Skóli með 26 nemendur | Kr. 387.215 | Kr. 261.782 | Kr. 125.433 |
| Samtals | | | Kr. 415.480 |

| | Ágústfrístund í 14 daga - kostnaður | Ágústfrístund í 14 daga - tekjur | Samtals kostnaður |
|-----------------------|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------|
| Skóli með 46 nemendur | Kr. 1.527.996 | Kr. 1.296.832 | Kr. 231.164 |
| Skóli með 33 nemendur | Kr. 1.253.065 | Kr. 930.336 | Kr. 322.729 |
| Skóli með 32 nemendur | Kr. 1.231.916 | Kr. 902.144 | Kr. 329.772 |
| Skóli með 26 nemendur | Kr. 1.105.025 | Kr. 732.992 | Kr. 372.033 |
| Samtals | | | Kr. 1.255.698 |

Mikilvægt er að huga að því að ráðningarsamningar leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfsfólks eru ólíkir hvað varðar styttingu vinnuvikunnar, matartíma o.fl.



Borgarstjórnin í Reykjavík

| |
|--|
| SKJALAVER HÖFÐATORGI 22. JÚNÍ 2021 Málsnr.: SFS2021060204 Bréfalykill: 8.2 |
|--|

Reykjavík, 18. júní 2021
R21060170
bp

Skóla- og frístundaráð

Tillaga Kristínar Soffiu Jónsdóttur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um að börn sem ljúki við leikskóla taki þátt í starfi frístundaheimila

Á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Kristínar Soffiu Jónsdóttur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að börn sem útskrifast af leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta að mörgu leyti góð tillaga. Þó má nefna að núverandi fyrirkomulag hentar mörgum börnum mjög vel. Einhverjum börnum kann að finnast það vera nokkuð stórt stökk að byrja í frístund í heilan dag í 2 vikur með nýju fólki og nýju umhverfi. Frístundin getur verið krefjandi fyrir 6 ára börn, mikill fjöldi barna og kannski fáir starfsmenn. Þetta er ekki róleg stund með börnunum til að aðlagast. Gæti jafnvel verið mjög erfitt fyrir sum börn. Síðan er auðvitað vandamál að manna frístund á sumrin og haustin. Hvaða lausnir liggja fyrir í þeim efnum? Kostir eru þeir að þau börn sem væru að byrja ný í leikskóla komast þá fyrir að sem myndi mögulega eyða óvissutíma og millibilsástandi hjá þeim börnum.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga Kristínar Soffiu Jónsdóttur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar

***BORGARSTJÓRN 15. júní 2021: Tillaga Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa
Samfylkingarinnar um að börn sem ljúki við leikskóla taki þátt í starfi frístundaheimila -
R21060170***

Lagt er til að börn sem útskrifast af leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.

Greinargerð

Þessi tillaga er lögð fram til að stuðla að betri samfellu milli leikskóla og grunnskóla með því að elsti árgangur leikskóla sem er að hefja nám í grunnskóla eigi þess kost að kynnst nýju umhverfi í gegnum starf frístundaheimila. Fyrirkomulagið hefur verið með þeim hætti að elstu leikskólabörnin fara í gegnum útskrift í leikskólanum sínum fyrir sumarfrí með tilheyrandi hátíðahöldum en snúa svo aftur í leikskólann í fáeinar vikur eftir sumarfrí áður en grunnskólagangan hefst. Eðlilegra samhengi væri að börnin fengju tækifæri til að kynnst nýju umhverfi í gegnum frístundastarfið sem stendur að mörgu leyti nálægt menningu leikskólans varðandi fjölbreytni, áherslu á frjálsan leik o.s.frv.

Með því að opna frístundaheimilin fyrir þennan hóp nýrra nemenda er hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og gefst starfsfólki frístundaheimila og jafnvel grunnskólans einnig rými til að mæta börnum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hefst af fullum krafti. Hagræði er líka af því fyrir leikskóla að útskrifa elsta árganginn við skólaslit í byrjun sumars og geta þannig á skýrari hátt hugað að innritun nýrra barna og aðlögun eftir að sumarfrí lýkur. Þessi breyting myndi líka stuðla að því að ný börn kæmst inn í aðlögun að sumarfrí loknu í stað þess að þurfa að bíða eftir skólasetningu grunnskóla. Þannig myndi inntökualdur leikskólabarna í Reykjavík lækka í samræmi við markmið borgarinnar um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Mikilvægt er að útfærsla tillögunnar sé unnin í góðu samstarfi við starfsfólk og stjórnendur leik- grunnskóla og frístundaheimila sem og foreldra. Tillagan felur í sér þjónustuaukningu og flýtir inntöku barna á leikskóla og mun henni því fylgja kostnaður. Mikilvægt er að helstu kostnaðarliðir séu metnir og tillagan útfærð og aðlöguð með tilliti til barna, foreldra, starfsfólks og kostnaðar.

Umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs við tillögum um aðlögun elstu barna leikskóla að skóla- og frístundastarfi „ágústfrístund“

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna allri umræðu er varðar hag barna og ungmenna og hvernig hægt er að efla og bæta þjónustu borgarinnar er tengist leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Í því sambandi er einn mikilvægur þáttur hvernig hægt er með besta móti að aðlaga elstu börn leikskóla að nýju umhverfi sem mætir þeim þegar þau fara frá leikskóla yfir í grunnskóla og frístundaheimili. Framkvæmdastjórar hafa hins vegar ýmsar athugasemdir við þær hugmyndir og útfærslur sem koma fram í skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla.

Út frá faglegu sjónarmiði velta framkvæmdastjórar þeirri spurningu upp hvort fyrirkomulag sem lagt er upp með í úttektinni sé börnunum fyrir bestu og hvort þetta sé góð leið að aðlögun fyrir börnin í nýju umhverfi og skóla- og frístundastarfi. Skýrslan tekur ekki að okkar mati nógu vel á því hver sé faglegur ávinningur að þessu fyrirkomulagi. Velta má þeirri spurningu upp hvort þessi tillaga sé einungis kerfislæg einföldun og hagkvæmni frekar en fagleg. Að okkar mati kemur ekki skýrt fram hver sé faglegi ávinningurinn að þessu fyrirkomulagi. Um er að ræða viðkvæman tíma í lífi barnanna og því þarf að vanda mjög til verka til að aðlögunin gangi vel eftir. Ef barn upplifir aðlögun á neikvæðan hátt getur það haft áhrif á líðan barnsins í skóla- og frístundastarfi í framhaldi.

Í skýrslunni kemur fram hvernig til hefur tekist hjá þeim sveitarfélögum sem eru að bjóða upp á „ágústfrístund“ fyrir elstu börn leikskóla. Ekki er hins vegar gerður samanburður gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki eru með þetta fyrirkomulag. Benda má á að þessi sveitarfélög bjóða börnum í öðrum til fjórða bekk ekki upp á þjónustu á þessum tíma. Reynsla okkar hefur sýnt að mörg börn á þessum aldri þurfa nauðsynlega á þessari þjónustu að halda, sérstaklega börn sem þurfa sértæka þjónustu eða börn sem ekki hentar annars konar frístundaþjónusta t.d. hjá íþróttafélögum. Velta má upp þeirri spurningu hvort foreldrar eldri barna í ofangreindum sveitarfélögum séu ánægð með það að ekki sé verið að veita frístundaheimilisþjónustu fyrir þann aldurshóp. Í úttektinni er í raun verið að leggja til að taka upp viðbótarþjónustu fyrir elsta árgang leikskóla án þess þó að það bitni á þeirri þjónustu sem fyrir er. Slíkt teljum við vera hæpna hugmyndafræði sérstaklega út frá ýmsum praktískum sjónarhornum.

Neðangreindar ábendingar lúta að praktískum atriðum:

- Mönnunarvandi frístundaheimil í ágúst er mikill fyrir börn í 1.-4. bekk og því er erfitt að bæta við heilum árgangi barna sem ekki áður hafa sótt skóla- eða frístundastarf á sama tíma. Frístundaheimilin hafa verið að glíma við biðlista í ágúst. Í nokkrum borgarhlutum voru biðlistar allt sumarið sem ekki náðist að leysa.
- Mönnun á að miklu leyti að koma frá leikskólum og grunnskólum. Stóra spurningin er sú hvort raunhæft sé að sú mönnun sé alltaf tryggð? Ef ekki hver ber ábyrgð á þeirri stöðu sem upp gæti komið?
- Starfsfólk á að koma frá þremur mismunandi vinnustöðum, jafnvel fleirum, og eiga þeir að bera ábyrgð á viðkvæmum hópi barna og sinna aðlögun þeirra í grunnskóla. Slíkt fyrirkomulag krefst mjög góðs undirbúnings og gæti reynst þrautin þyngr miðað við það álag sem er í dag út í starfseiningunum.
- Verið er að ganga út frá að það séu frístundafræðingar á öllum frístundaheimilum, en svo er ekki reyndin. Frístundafræðingur er staða sérfræðings sem vinnu með börnum en í starfslýsingu hans er ekki að finna ábyrgð um stjórnun. Þau sem velja að vera í stöðu frístundfræðings eru að velja það starf til að vera ekki í stjórnun. Það er því hæpið að ætla að setja stjórnunarhlutverk á óreynda stjórnendur við að innleiða nýtt og krefjandi verkefni.
- Forstöðumenn frístundaheimila eru á þessum tíma í ágúst að klára orlofið sitt, sumir eru komnir til baka en aðrir ekki. Forstöðumenn eru að ráða inn fjölda starfsfólks til að sinna vetrarstarfi frístundaheimila, halda utan um innritun barna og halda úti daglegum rekstri sumarfrístundaheimilis. Á flestum stöðum í Reykjavík er uppbókað þessar vikur. Forstöðumenn geta illa bætt á sig stjórnun og innleiðingu á öðru verkefni og verið til staðar og stutt frístundafræðing eða misst frístundafræðing, fagmenntaðan starfsmann úr starfi með börnum sem nú þegar eiga skv. reglum um frístundaheimil rétt á plássi.
- Erfiðara getur reynst að senda starfsfólk frístundaheimila í orlof því í sumum tilfellum er fastráðið starfsfólk að taka út orlof í ágúst eftir því sem hentar. Nú þegar er flókið að takast á við styttingu vinnuvikunnar og 30 daga orlof og það hefur haft áhrif á starfssemina.
- Erfitt getur reynst að finna húsnæði í skólunum fyrir starfsemi því þessi starfsemi er viðbót við þá starfsemi sem fyrir er í frístundaheimilum á þessum tíma. Benda má á að starfsfólk grunnskóla er að koma til vinnu á þessum tíma eftir sumarleyfi og í dag hefur á sumum stöðum reynst erfitt að finna leiðir að halda börnum í starfi inn í skólabyggingum á sama tíma og starfsfólk skóla er að undirbúa veturinn í skólastarfi. Skýrslan tryggir ekki að ágústfrístund eigi að vera rekin í skólahúsnæði.
- Eiga öll börn að ljúka skólavist í leikskóla í júlí eða má velja að vera áfram í leikskóla í ágúst? Verður það val foreldra? Það er mun ódýrara að greiða leikskólagjöld heldur en fyrir frístundaheimili að sumri.
- Vangaveltur eru uppi um sjálfstætt starfandi leiksskóla og grunnskóla. Ekki virðist hafa verið hugsun um hvernig útfæra á það. Eiga sjálfstætt reknir skólar að bjóða upp á ágústfrístund? Fylgir leikskólastarfsfólk borgarinnar þangað inn? Það sama á við um starfsfólk sjálfstætt rekinna leikskóla, koma þeir með börnum yfir í ágústfrístunda borgarinnar?
- Skoða þarf vel boðvald borgarinnar varðandi að setja starfsfólk sem að hefur ráðið sig við einn kostnaðarstað yfir til annars stjórnanda þegar það kemur að ábyrgð og skyldum og kjarasamningum.

Hugmyndin á ágústfrístund er góðra gjalda verð en við teljum mikilvægt að þessi hugmyndafræði væri betur útfærð og sett í samhengi við fleiri þætti frístundaheimilisstarfsins. Velta má upp þeirri spurningu hvort bjóða ætti elsta stigi leikskóla að koma strax í sumarfrístund í upphafi sumars og

hvort sú hugmyndafræði gæti reynst betur fyrir börnin. Þessi tillaga kallar þó á fleira starfsfólk en þá væri mögulega hægt að bjóða upp á faglegra starf og heilsársráða fleira starfsfólk inn á frístundaheimilin en fyrir er í dag. Aðlögun leikskólabarna yfir í skóla- og frístundastarf hefst víðast strax að hausti á lokaári. Það samstarf hefur verið farsælt milli leik- grunn og frístundastarfs. Mikilvægt er að taka samtal við þá sem að því hafa staðið hvað varðar þróun og breytingar.

Þegar fara á af stað í eins stórar breytingar og ágústfrístund ávarpar er mikilvægt að vinna alla þá vinnu í samstarfi og samtali við hagsmunaaðila. Það virðist ekki hafa verið gert. Hafa þarf samráð við foreldra, börn, starfsfólk, háskólasamfélagið og fleiri og leggja fram gögn sem að hægt er að mynda sér marktæka skoðun út frá. Það skortir mikið upp á að skýrslan ávarpi grundvallarspurningar eins og velferð barnsins.

Eins og fram kemur hér að ofan er margt sem huga þarf að gagnvart „ágústfrístundinni“. Við teljum að ekki sé lagt upp með sannfærandi plan hvorki hvað varðar faglegar forsendur né praktískar.

Fyrir hönd frístundamiðstöðva

Reykjavík, 22.mars 2023

Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri Brúarinnar

Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri Tjarnarinnar

Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri Miðbergs

Haraldur Sigurðsson framkvæmdastjóri Kringlumýrar

Reykjavík, mars. 2023

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur

Efni: Umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla.

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík hefur kynnt sér efni skýrslunnar.


Starfshópnum til hróss þá er skýrslan mjög vel unnin, læsileg og framsetning skýr þar sem helstu niðurstöður eru reifaðar í samantekt um verkefnið.

Félagið fagnar tillögunni og telur ýmsa kosti fylgja því að bjóða tilvonandi nemendum 1. bekkjar að byrja í Sumarfrístund. Um er að ræða tvær sviðsmyndir og ljóst að seinni sviðsmynd gerir leikskólanum kleift að hefja innritun nýrra barna fyrr, sem gefur auga leið að skiptir máli í stöðunni sem uppi er.

Félagið bendir á að mikilvægt er að ígrunda vel skipulagningu á verkefninu hvað varðar starfsfólk og ekki síður þarf að kostnaðargreina verkefnið. Í því samhengi má nefna að mönnun grunnskólahlutans er ráðinn út frá skyldum er varðar um lög um grunnskóla.

Einnig er bent á að húsnæðiskostur skólanna er mjög mismunandi þegar kemur að rými og aðstöðu til að mæta þörfum hópsins. Tilraunaverkefni sem þetta væri einn þáttur af mörgum í vegferðinni um betri borg fyrir börn og því þarf ekki fjölyrða um mikilvægi þess að vel takist til með innleiðingu.

F.h. Félags skólastjórnenda í Reykjavík,



Arndís Steinþórsdóttir, formaður



Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

| | |
|----------------|--|
| Búið til | 24.3.2023 10:45:36 |
| Höfundur | Eygló Traustadóttir |
| Móttekið dags. | 23.3.2023 21:16:38 |
| Tilheyrir | SFS22030077 - Starfshópur um aðlögun elstu barna leikskóla í sumarfrístund og grunnskóla |

Efni

Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|----------------|--|----------|----------|
| Móttekið dags. | 23.3.2023 21:16:38 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 05.09 Leikskólar | | |
| Lykilorð | starfshópar, leikskólamál, grunnskólar | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Sigurður Sigurjónsson (sigurdur@ki.is) |
| Til | eyglo.traustadottir@reykjavik.is, Gudrun.Gunnarsdottir5@rvkskolar.is |
| Cc | Gudrun.Jona.Thorarensen@rvkskolar.is |

Innihald

Umsögn vegna tillagna starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Félag stjórnenda leikskóla

Félag stjórnenda leikskóla fagnar þeirri hugmynd að skýr skil verði á skólagöngu leikskólabarna.

Jafnframt viljum við mótmæla þeirri áætlun að starfsmenn leikskóla taki þátt í verkefninu eins og gert er ráð fyrir í tillögunum.

Það að senda starfsfólk leikskóli í slík verkefni er ekki að laga viðvarandi skort á starfsfólki, erfiðleikar við ráðningar og starfsmannaveltu sem hefur verið um 23 – 27% síðustu ár.. Ef þessi hugmynd er sett fram til að auðvelda og flýta aðlögunn nýrra barna þá þurfa leikskólar á öllu sinu starfsfólki að halda við þá framkvæmd.

Við setjum fram athugasemdir við eftirfarandi texta í skýrslunni, fullmikil staðhæfing án rannsókna: „veldur þetta oft ákveðinni vanlíðan þennan tíma fram að skólagöngu.“ mörg börn elska að koma aftur og vilja ekki fara í grunnskólann. Einnig má nota hugtakið „grunnskólagöngu“ því það er erfitt að skilja hugtakið „skólagöngu“ þegar talað er um leikskóla og grunnskóla í sömu setningu.

„Ákveðinn biðtími hefur oft skapast hjá börnum sem koma til baka í leikskóla eftir sumarleyfi og eru á leið í grunnskóla og frístundaheimili. Sum börn koma til baka eftir sumarleyfi en mögulega ekki félagar þeirra og veldur þetta oft ákveðinni vanlíðan þennan tíma fram að skólagöngu. Með því að bjóða elstu börnunum að byrja á frístundaheimili í byrjun ágúst fær hópurinn strax áhugaverð verkefni að fást við í hópi jafnaldra.“ Bls. 17.

Fyrir hönd FSL

Sigurður Sigurjónsson

Formaður FSL

Með kveðju,



Sigurður Sigurjónsson
1
sigurdur@ki.is

[Skilmálar | Disclaimer](#)

Formaður Félags stjórnenda leikskóla
Kennarasamband Íslands
595 1111 / www.ki.is

Reykjavík, 23. mars 2023

Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Stjórn Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík (SAMLEIK-R) lýsir yfir almennri ánægju með fyrirhugað tilraunaverkefni um ágústfrístund elstu barna í leikskóla. Æskilegt væri að tilraunaverkefni gæti hafist strax haustið 2023 og samhliða því verði unnið að undirbúningi á fullri innleiðingu fyrir haustið 2024 í ljósi góðrar reynslu nágrannasveitarfélaga af sambærilegu fyrirkomulagi. Þó eru nokkrir þættir sem skoða og skýra þarf betur til þess að ágústfrístundin geti heppnast vel og verið til góðs fyrir börn, foreldra/forráðafólk og faglegt starf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Mikilvægt er að vandlega sé skoðað hvort og þá hver faglegur ávinningur er að þessari breytingu fyrir börnin. Þetta verkefni á ekki að hugsa sem sparnaðarverkefni, tryggja þarf fullnægjandi mönnun fagfólks allan tímann og huga sérstaklega að þörfum barna með stuðning og hvernig er best hægt er að koma til móts við þau. Stjórnendur og starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þurfa að hafa tíma til þess að sinna þessu verkefni svo það gangi vel. Mikilvægt er að um sé að ræða alvöru brú milli leikskóla og grunnskóla og starfsfólk úr leikskólanum fylgi börnum fyrst um sinn.

Æskilegt væri að börnin fengju heitan mat og ávaxtastundir í þessari ágústfrístund líkt og í leikskólanum og tilvalið að nota til þess mótuneyti hvers skóla fyrir sig þar sem fyrir er starfsfólk og öll nauðsynleg aðstaða.

Sú útfærsla sem líklega myndi henta flestum börnum og foreldrum best væri að börn færu beint í frístund eftir að sumarleyfi í leikskóla lýkur (sviðsmynd II) sem myndi þá einnig flýta fyrir inntöku yngstu barna í leikskóla að hausti sem er mikilvægt fyrir foreldra/forráðafólk sem er að klára fæðingarorlof og ætti að styðja við faglegt starf á leikskólum.

Kostnaðarpátttaka foreldra er annað atriði en miðað við núverandi gjaldskrá er ódýrara að vera með barn á leikskóla í mánuð en í sumarfrístund. Við hvaða gjaldskrá yrði miðað fyrir þessa ágústfrístund? Mikilvægt er að tryggja að aukinn kostnaður leiði ekki til þess að börn efnaminni foreldra nýti ekki þessa þjónustu ef hún verður í boði. Skýrt þarf að vera hvort þátttaka barna í ágústfrístund yrði val foreldra/forráðafólks eða hvort ætlast væri til þess að öll börn færu þessa leið.

Áður en verkefni hefst þarf að vera skýrt hvernig árangur af því verður metinn og huga þá sérstaklega að þörfum barna af erlendum uppruna, barna með sérstakar þarfir og annarra viðkvæmra hópa. Mikilvægt er að þeirra skoðanir og skoðanir foreldra/forráðafólks barna í viðkvæmri stöðu á tilraunaverkefninu séu sérstaklega skoðaðar. Æskilegt væri að börn væru spurð beint um reynslu þeirra af þessu fyrirkomulagi enda eru þau fullfær á þessum aldri um að hafa skoðanir á umhverfi sínu og aðstæðum. Skýrt þarf að vera hvernig faglegur ávinningur af verkefninu verður metinn.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka foreldra leikskólabarna



Albína Hulda Pálsdóttir

Umsögn foreldraráðs Bakkaborgar vegna:

Tilraunaverkefni um ágústfrístund frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólaasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Foreldraráð Bakkaborgar hefur tekið til skoðunar lýsingu á tilraunaverkefni um ágústfrístund. Álit ráðsins er að þarna sé um að ræða frábæran möguleika fyrir börnin í hverfinu til að kynnast skólanum sínum áður en þau hefja nám. Sambærileg frístund hefur verið í boði í nágrennasveitafélögum með góðum árangri og er ekkert því til fyrirstöðu að þetta gangi vel þegar verkefnið er komið vel af stað.

Ef verkefnið verður að veruleika í öllum hverfum borgarinnar er von okkar að það muni þjóna einnig þeim börnum sem fara ekki beint í sinn hverfis-skóla. Flæði verði þá þannig á milli hverfa. Eins og staðan er núna muni þau þurfa að fylgja sínum leikskólalóp sem gæti skapað togstreitu og óöryggi.

Þá hefur foreldraráðið áhyggjur af því að engin heit máltíð er í hádeginu fyrir börnin, og enginn morgunmatgur heldur. Þetta eru máltíðir sem margir foreldrar stóla á í bæði leikskóla og skóla. Birtingamynd þessa er aukið álag á foreldra og börn, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem skólafrístundin yrði allt að 14 daga löng. Við þetta verður mismunur milli barna eftir hag og aðstöðu foreldra. Við höfum einnig áhyggjur af hollustu, sennilega þarf að brýna fyrir foreldrum hvað nesti er við hæfi.

Mæting barna í frístundina klukkan 8:30 er afleit fyrir marga foreldra og getur skapað mikinn vanda. Foreldraráðið hvetur Reykjavíkurborg til þess að bjóða upp á auka klukkustund að morgni fyrir þá sem það þurfa.

Að lokum nefnum við það sem kom þó skýrt fram á fundi okkar við fulltrúa skóla og frístundasviðs þann 25. maí 2023 – að fyrirvarinn á þessum breytingum er of stuttur. Foreldrar og ekki síst leikskólarnir hafa ekki fengið nægan frest til að endurskipuleggja og undirbúa. Vonandi næst það þó í tæka tíð og sem flestir geta vonandi nýtt sér þetta úrræði, því hér er um að ræða frábært tækifæri ef vel er með farið.

Reykjavík, 31.5.2023

Foreldraráð Bakkaborgar

Frá: Hanna Bára <hannabara@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 30. maí 2023 09:54
Til: Ólafur Brynjar Bjarkason <Olafur.Brynjar.Bjarkason@reykjavik.is>
Efni: Re: Kynningarbréf vegna ágústfrístundar fyrir elstu börn leikskóla

Sæll Ólafur Brynjar

Umsögn foreldraráðs Fífuborgar um tilraunaverkefni um ágústfrístund frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Foreldraráð í Fífuborg fagnar þessari breytingu og teljum þetta gott skref í átt að góðir og jákvæðri aðlögun leikskólabarna yfir í grunnskóla. Efnið er vel framsett og við kunnum vel að meta kynningu á teams fundi í síðustu viku vegna málsins.

Það er margt jákvætt sem má týna til með þessari breytingu; börnin að kynnast skólafélögum sem koma mögulega úr öðrum leikskólum, kynnast starfsfólkinu í frístund og einnig kynnast þau nýju umhverfi. Þetta er mjög jákvætt og ég tel að það auðveldi bæði foreldrum og börnum aðlögun að breyttu umhverfi og öðrum takti sem ójákvæmilega fylgir þegar farið er í grunnskóla.

Persónulega á ég tvö börn sem eru búin að færa sig úr leikskóla yfir í grunnskóla og ég man vel að þau voru ekki spennt fyrir að fara aftur í leikskólann eftir sumarfrí, heldur vildu fara beint í skólann. Þetta verður því að ég held mjög spennandi fyrir krakkana og skemmtileg breyting sem auðveldar foreldrum að brúa bilið frá sumarfríi að skóla.

Gaman væri ef hægt væri að fylgja þeim aðeins eftir í frístundinni, þe. að fá upplýsingar um hvað er gert og hvernig börnunum gekk að aðlagast þegar þar að kemur fyrir foreldrana.

Við gefum þessu því mjög jákvæða umsögn og erum sátt við að þessi breyting sé að eiga sér stað.

Kær kveðja, Jóhanna Bára Haraldsdóttir, formaður foreldraráðs í Fífuborg

A
fim., 25. maí 2023 kl. 10:31 skrifaði Ólafur Brynjar Bjarkason
<Olafur.Brynjar.Bjarkason@reykjavik.is>:

Sæl verið þið foreldrar í foreldraráði í Lyngheimum, Fífuborg og Laufskálum.

Í viðhengi er kynningarbréf vegna tilraunaverkefnis þar sem elstu börn leikskóla hefja aðlögun í grunnskóla og frístundaheimili fyrr en áður hefur verið. Bréfið er fyrir foreldraráð í þeim leikskólum sem urðu fyrir valinu að taka þátt í verkefninu. Við munum ræða verkefnið nánar á fundi sem fagstjóri leikskóla í Austurmiðstöð, Hildur Lilja Jónsdóttir mun boða til. Athugið að óskað er eftir umsögn foreldraráðs hvers leikskóla um verkefnið. Sjá nánar í bréfi.

Kær kveðja,

Ólafur Brynjar Bjarkason (hann/he)
Skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu SFS
Borgartúni 14, 105 Reykjavík
S: 411 7018 / 691 9614

Tilraunaverkefni um Ágústfrístund

Leikskólinn Borg - Umsögn Foreldraráðs

Sunnefa Pálsdóttir, Hafdís Ósk Baldursdóttir og Ásdís Magnea Egilsdóttir

Við viljum taka það fram að okkur barst fundarboð og upplýsingar um efni fundar með innan við dags fyrirvara. Helst til knappur tími fyrir önnur kafið fólk með ung börn til að kynna sér verkefnið almennilega og mynda þær spurningar sem réttast væri að spyrja á fundinum.

Umsögn:

Hér er tækifæri til að gera vel, koma yngstu börnunum fyrir í aðlögun og veita þeim elstu tækifæri til þess að kynnast skólanum enn betur fyrir fyrsta skóladag.

Við teljum það afar mikilvægt að hagsmunir allra fjölskyldna sem eiga í hlut séu í hávegum hafðir. Afar stuttur fyrirvari á verkefninu vekur upp spurningar og áhyggjur þess efnis hvort það sé verið að vanda til verks og hugsa dæmið til enda.

Við vitum til þess að önnur sveitarfélög bjóða upp á svokallaða sumarfrístund og foreldrar eru ánægðir með umgjörð hennar. Þar er meðal annars boðið upp á sundnámskeið og fullt fæði alla dagana. Þar halda þau sig einnig áfram við gjaldskrá leikskólans til að valda sem minnstu raski á fjárhagi fjölskyldna.

Ein spurning sem vaknaði í kjölfar fundarins var hvernig tilraunaskólarnir voru valdir, afhverju eru það aðeins skólar í úthverfum sem eru að lenda í svona verkefni? Við viljum sjá dreifinguna þannig að í það minnsta eitt hverfi nær miðborginni væri tekið með í reikninginn.

Einnig setjum við spurningamerki við það hvort árið í ár sé hentugt til að keyra slíkt verkefni þar sem það er óvenju stutt tímabil sem börnin væru í frístund. Aðeins 8 dagar að hámarki.

Aðrir punktar:

Vistunartími - 8:30 - 16:30 - [Skert þjónusta miðað við leikskólavistun](#). Með svo skömmum fyrirvara gæti það reynst erfitt fyrir foreldra að fá vinnutíma sínum hagrætt, sér í lagi í kringum sumarfrí á vinnustöðum sem dregur enn frekar úr líkum á svigrúmi einstaklinga. Þetta gæti leitt til þess að börn séu skilin eftir ein eða látin ganga sjálf að heiman.

Ekkert Fæði - [Skert þjónusta miðað við leikskólavistun](#) - Það að börnin fá hvorki hressingu né hádegismat finnst okkur ótækt. Það eru margar fjölskyldur sem reiða sig á að börnin fái heitan mat í hádeginu. Það að þurfa að nesti barnið upp fyrir heilan dag er mikil auka fyrirhöfn og ekki allra að gera vel. Leikskólinn býður fullt fæði og í skólanum þarf aðeins að koma með nesti fyrir hressingu. Hér finnst okkur þurfa að athuga málið vel því það ætti ekki að vera mikið mál að útvega börnunum heitan mat í hádeginu.

Hærrí útgjöld/kostnaður - Miðað við leikskólavist/skólavist - Með þessari útfærslu eru útvaldir foreldrar hér skikkaðir til þess að greiða hærrí gjöld en foreldrar barna sem ekki lenda í þessu tilraunaverkefni. Hér er töluvert lakari þjónusta í boði og þátttaka er EKKI valkvæð. Þetta er mismunur sem okkur þykir ekki í lagi. Gæði og kostnaður þjónustu við börn og foreldra þeirra innan sveitarfélaga þarf að ganga jafnt yfir alla.

Gróft reiknidæmi er svohljóðandi:
Kostnaður fyrir tímabilið:

*Í frístund: 14.400kr (**án matar**)*

Á leikskóla: u.p.b. 11.000kr fyrir fullt fæði fyrir foreldra í sambúð

Eða 7.500 kr. fyrir einstæða/öryrkja/starfsmenn leikskóla og foreldra í námi

Ekki hefur heldur verið tekið tillit til foreldra með fleiri en eitt barn í vistun sem hafa þá verið með systkinaafslátt.

Skert vinna foreldra sem lenda í tilraunaverkefninu -

Auk skerts vistunartíma þessara barna þá inniheldur tímabil þessa tilraunaverkefnis þetta árið einnig starfsdag frístundarstarfsmanna, þann 21. ágúst. Þetta skikkar foreldra barnanna sem um ræðir til þess að taka heilan auka frídag. Daginn eftir er skólasetning og svo fyrstu skóladagarnir og því allar líkur á að foreldrar þurfi þegar að vera í skertri vinnu.

Annað

Mannekla - leikskólastarfsmaður fylgir í frístund, verður þá manni færra á leikskólanum á meðan? Mannekla hefur verið viðvarandi vandamál og deildum ítrekað lokað fyrirvaralaust vegna hennar. Hefur þetta verið tekið til greina? Ef það koma upp veikindi myndi það bitna á leikskólabörnunum eða börnum í frístund?

Afstaða foreldraráðs: Við teljum að svo stöddu sé ýmsu ábótavant varðandi þetta verkefni og því mælumst við til að frestun framkvæmdar þess um eitt ár verði alvarlega ígrunduð. Það yrði til þess að þetta gæti verið vel skipulagt og frábært framtak sem allir, bæði foreldrar og börn væru sátt og ánægð með. - Frestun um eitt ár til að gera BETRI Reykjavík er vel þess virði ef vel yrði að verki staðið.

Tilraunaverkefni um ágústfrístund frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Umsögn foreldraráðs Lyngheima

Við í foreldraráði Lyngheima fögnum tilkomu tilraunaverkefnis Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er varðar ágústfrístund elstu barna. Tímasetningar verkefnisins eru þó nokkuð óhentugar þar sem upplýsingar um það koma fremur seint og snýr það bæði að skólunum þar sem flestir starfsmenn hafa nú þegar skipulagt sumarleyfi og börnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra þar sem margir foreldrar hafa ráðstafað þessum tíma með skráningu á hin ýmsu námskeið m.a. á vegum íþróttafélagana. Að öðru leyti styðjum við verkefnið enda mun það auðvelda börnunum aðlögun yfir í grunnskólann sinn og gera það að verkum að leikskólarnir geti hafið aðlögun nýrra barna fyrir enn ella.

Foreldraráð Lyngheima,
Hólmfríður Ásta Pálsdóttir
Vala Björk Gunnarsdóttir

5. júní 2023

Við í foreldraráði leikskólans Laufskála höfum kynnt okkur tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um ágústfrístund og teljum þetta vera mikið framfaraskref fyrir verðandi grunnskólabörn.

Börn sem eru búin að útskrifast úr leikskóla eru ekki spennt fyrir því að snúa aftur þangað eftir sumarfrí því hugur þeirra er kominn í grunnskólann.

Með ágústfrístund gefst börnunum tækifæri til að kynnst umhverfi skólans betur og verða orðin öruggari þegar skólastarfið hefst í lok ágúst. Það er einnig mjög gott og eiginlega nauðsynlegt að einn starfsmaður úr hverjum leikskóla fylgi barnahópnum og dvelji með þeim þessa 8 daga í frístundinni svo börnin geti leitað til starfsmanns sem þau þekkja og treysta. Við teljum þetta góða leið í aðlögun fyrir skólana og getur örugglega auðveldað einhverjum nemendum fyrstu skrefin á nýju skólastigi.

Við í foreldraráðum styðjum þetta verkefni heils hugar en vonum á sama tíma að hugsað sé til þess að sá peningur sem hvert frístundaheimili hefur til umráða verði aukinn svo þessar breytingar muni ekki hafa áhrif á starfið, þá fjárhagslega og þau nái að halda uppi faglegu starfi.

Foreldraráð Laufskála